

# Alþjóðlegur skattaréttur

## Skattskil 3

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Fjármagnstekjur

Glærupakki 9a

vægi 8 til 9

# Efnisyfirlit

- Innlend skattlagning og skipting skattlagningarréttar vegna
  1. leigu á fasteignum
  2. arðs af eignarhlutum í hlutafélögum
  3. vexta, affalla og gengismunar
  4. viðskipta með afleiður
  5. leigu á lausafé svo og
  6. hugverkagreiðslna og loks
  7. hagnaðar af sölu eigna

# Verklag

- Skattlagning útlendinga af tekjum af fasteignum sem staðsettar eru hér á landi – innlend skattlagning
- Skattlagning innlendinga af tekjum af fasteignum sem staðsettar eru erlendis
  - þar með talið mildun tvískattlagningar – skipting skattlagningarréttar milli uppruna ríkis og heimilisfestarlands

# Innlend skattlagningarheimild

- Ákvæði 5. tölul. 3. gr. TSL hljóðar svo:
  - Allir aðilar sem (1)eiga **fast eign** hér á landi eða (2)hafa rétt yfir fast eign hér á landi **er a) þeir hafa af tekjur eða b) TELJAST HAFA AF TEKJUR,** þar með talinn söluhagnað, skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum
- Ýmsar spurningar vakna við lestur þessa ákvæðis. Ein varðar t.d. hina huglægu skattskyldu
  - Hverjir eru skattskyldir er t.d. spurning. Önnur snertir aftur á móti hina **hlutlægu skattskyldu:**
  - Af hvaða tekjum eru þessir **ALLIR** skyldir að greiða skatt

## 5. tölul. 3. gr. TSL nánar um ákvæðið

- Allir aðilar, það er bæði menn og lögaðilar eru skyldir að svara skatti af þessum tekjum
- Einu máli skiptir **HVAR VIÐSKIPTIN FARA FRAM.** Viðskipti milli útlendinga erlendis eru því skattskyld hér. Auðvitað er þó undir skilið að fasteignin sé staðsett hér á landi
- Ákvæðið tekur bæði til reglulegra og óreglulegra tekna, það er hagnaðar svo og reiknaðra tekna eða hlunninda, sbr. 2. mgr. 2. tölul C-liðar 7. gr. TSL

# Atvinnurekstur

sjálfstæði, umfang og regluleiki svo og hagnaðartilgangur

- Útleiga á fasteignum telst jafnan atvinnu rekstur. Þetta gildir fortakslaust nema 2. mgr. 30. gr. TSL eigi við:
  - Útleiga manns á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi í þessu sambandi **nema** því aðeins að heildarfyrningargrunnur slíks húsnæðis í eigu hans í árslok nemi 27.000.000 kr. eða meira ef um einstakling er að ræða, en 54.000.000 kr. ef hjón, sbr. 62. gr., eiga í hlut

# Sjá nú 58. gr. a TSL

- Tekjur manna af útleigu íbúðarhús næðis, frístundahúsnæðis eða annars húsnæðis, m.a. þar sem gisting er boðin gegn endurgjaldi, **skulu teljast stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi** nema:
  - a. Tekjurnar stafi af útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög, enda séu hinar útleigðu sérgreindu fasteignir ekki fleiri en tvær. Frá tekjum manns af útleigu íbúðarhúsnæðis, sem fellur undir húsaleigulög, er heimilt að draga leigugjald sem hann greiðir af íbúðarhúsnæði til eigin nota. Frádráttur þessi leyfist eingöngu á móti leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er í útleigu
  - b. Útleigan teljist heimagisting samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, hún hafi verið tilkynnt sýslumanni og fengið skráningarnúmer. Þá skal heildarfjárhæð leigutekna viðkomandi af heimagistingu á tekjuárinu aldrei nema hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. Sé húsnæðið í útleigu tveggja eða fleiri manna skal við afmörkun heildarfjárhæðarinnar telja tekjur þeirra allra hjá hverjum og einum
- Tekjur af starfsemi sem fellur undir b-lið 1. mgr. skulu skattlagðar samkvæmt ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 66. gr. án frádráttar. Skatturinn er því 22%. Nemi heildarfjárhæð leigutekna skv. b-lið 1. mgr. hærri fjárhæð en 2.000.000 kr. eða ef sýslumaður fellir niður skráningu heimagistingar **falla allar** leigutekjurnar á tekjuárinu undir atvinnu rekstur eða sjálfstæða starfsemi. Skatturinn er því 36,94% eða 46,24%.

11%



22%



# Úrskurður nr. 145/2004

## Gjaldár 1999-2001

- Í máli þessu var ágreiningur um það hvort telja bæri tekjur kæranda af útleigu húsnæðis til tekna af atvinnurekstri, svo sem skattstjóri taldi, eða til fjármagnstekna (eignatekna) utan rekstrar, eins og kærandi hélt fram
- **Leigutekjur voru vegna afnota einkahlutafélags, x ehf., sem var alfarið í eigu kæranda og eiginkonu hans, af íbúðarhúsnæði kæranda. Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að almennt yrði að telja að útleiga á atvinnuhúsnæði teldist til atvinnurekstrar, ekki síst þegar um væri að tefla útleigu slíks húsnæðis til lengri tíma**
- Þar sem ekki var talið að hin umdeilda útleiga kæranda væri óveruleg að umfangi var fallist á með skattstjóra að húsaleigutekjur kæranda féllu undir tekjur af atvinnurekstri. Þá var kröfu kæranda um niður fellingu álags hafnað og tekið fram að kærandi hefði enga grein gert fyrir umræddum leigutekjum í skattframtölum sínum árin 1999, 2000 og 2001



# Hvaða máli skiptir þetta

## skatthæðin, staðgreiðsluskyldan

- Skattur manna af atvinnurekstrar tekjum er 36,94% til 46,24% en 22% af fjármagnstekjum
- FS eru hins vegar undanþegnar staðgreiðsluskatti. Maður fær því leigutekjurnar strax í hendur
- Skv. OECD fm hefur 6. gr. forgang gagnvart 7. gr., sbr. 5. gr. Ekki er þó víst að þetta gildi um innlend an rétt
- Þegar um útleigu á atvinnuhúsnæði er að ræða fer innlenda skattlagningin því eftir 4. tölul. 3. gr. TSL meðan skattlagningarrétturinn skiptist eftir 6. gr. OECD

# Um tekjurnar, hinar reglulegu

- Reglulegar tekjur af fasteign hér á landi sem viðkomandi á eða hefur rétt yfir
  1. Tekjur af fasteign sem aðili á og leigir út gegn endurgjaldi
  2. Tekjur af fasteign sem aðili er með á leigu/láni og framleigir gegn endurgjaldi
  3. Tekjur sem aðili **TELST HAFA** af fasteign. Ath. að hér er **ekki** um að ræða raunverulegar tekjur heldur reiknaðar leigutekjur

# Leiga gegn leigu

## Sjá 3. mgr. 30. gr. TSL

- Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði, án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, er honum heimilt að draga **frá þeim tekjum húsaleigugjöld af íbúðar húsnæði til eigin nota**
- Frádráttur þessi leyfist eingöngu til frádráttar leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til **eigin nota** en er **tímabundið** til útleigu
- Erlendis búsettir menn eiga sama rétt á þessum frádrætti og menn búsettir innan lands

## Sjá nú 58. gr. a TSL

- Frá tekjum manns af útleigu íbúðarhúsnaðis, sem fellur **undir húsaleigulög**, er heimilt að draga leigugjald sem hann greiðir af íbúðarhúsnaði til eigin nota. Frádráttur þessi leyfist eingöngu á móti leigutekjum af íbúðarhúsnaði sem **ætlað er til eigin nota** en er í útleigu

## 2. gr. laga nr. 145/2012

### Sjá a-lið 5. tölul. 70. gr. TSL

- Þegar um er að ræða leigutekjur manns (sem takmarkaðri skattskyldu sætir) af íbúðarhúsnæði er heimilt að taka tillit til frádráttar skv. 3. mgr. 30. gr., það er leigu á móti leigu. Sjá nú 58. gr. a TSL

# Dæmi

## Tekur til skammtímaleigu

- Vegna kreppunnar hefur M og K ákveðið að leigja út íbúð sína og flytja til Noregs
- Árleg leiga eftir íbúðina hér á landi er 1,8 millj. Í Noregi munu þau hins vegar greiða 2,5 millj.
- Reiknið út skatt hjónanna af útleigunni hér á landi. Skatturinn er 0 kr. þar sem hjónin eiga rétt á að jafna leigu á móti leigu skv. 3. mgr. 30. gr. TSL. Sjá nú 58. gr. a TSL

# Reiknaðar leigutekjur

## Skoðið 2. mgr. 2 tölul. C-liðar 7. gr. TSL:

- „Þegar heildarleigutekjur af einstökum íbúðum ná ekki hlunninda mati húsnæðis, sbr. 118. gr., skal reikna leiguna til tekna með því mati. Af íbúðarhúsnæði sem skattaðili á og notar til eigin þarfa skal hvorki reikna tekjur né gjöld“
- Orðasambandið „íbúðarhúsnæði sem skattaðili á og notar til eigin þarfa“ er túlkað rúmt í framkvæmd. Þannig tekur það til skattaðila sjálfs, maka/sambúðaraðila og barna sem skattaðili ber framfærslu-ábyrgð á. Í einstaka tilvikum er jafnvel unnt að fella foreldra undir gildissvið ákvæðisins. **Afnot þessara aðila jafngilda með öðrum orðum afnotum skattaðila sjálfs**
- Ákvæðið takmarkast auk þess við íbúðarhúsnæði þannig að útleiga á atvinnuhúsnæði undir hlunnindamati þarf ekki að vera jafn áhættusöm

# Dæmi

- Carol er vestur Íslendingur. Sem slík á hún íbúð í einu stórhýsanna við Sæbrautina
- Fasteignamat íbúðarinnar er 50 millj.
- Carol dvelur hér á landi að jafnaði 3 mánuði ársins. Þess á milli leyfir hún einhverjum völdum námsmanni, vestur Íslendingi, íslenskunema við HÍ, að dvelja í íbúðinni frítt
- Hvaða skattalegar afleiðingar hefur þetta ráðslag fyrir Carol? Reiknaðar tekjur Carol af þessu ráðslagi nema 2,5 millj. og þarf hún því að greiða 275.000 kr./12 x 9 í skatt af þeim



# Skattagrundvöllurinn greiðslugetu reglan

- Skattalögin byggjast á greiðslugetu. Skv. því ber þeim sem hlotnast tekjur að greiða skatt
- Skv. 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. TSL sætir útleigjandinn skattskyldu. Eigi að síður hlotnast honum engar tekjur
- **ER EITTHVAÐ BOGIÐ VIÐ ÞETTA AÐ ÞÍNU MATI?**

# Um tekjurnar hinar óreglulegu

- Hagnaður af sölu fasteigna telst mismunur á söluverði og kaupverði
- Um söluverð, sjá 20. gr. TSL. Tekur það til heildarverðs á frádregnum beinum kostnaði við söluna og er því nettóverð
- Um kaupverð er hins vegar fjallað í 12. gr. TSL. Tekur það til upprunalegs kaup og eða framleiðsluverðs að viðbættum ...
- Dreifingar- og frestunarmöguleikar. Skoðið nánar hin ýmsu ákvæði og leggið mat á hvernig þau horfa við erlendis búsettum aðilum, þar með talið Íslendingum á förum úr landi

# Frestun, dreifing EES-skattaréttur

- Áður fyrr einskorðaðist niðurfærsla á kaupverði eignar við innlendar eignir
- ESA taldi að í þessu fælist mismunun eða hindrun á fjórfrelsinu og í fram haldi af því var ...

## 2. mgr. 17. gr. TSL

Ísland er í raun að gefa frá sér skattlagningarréttinn

- Maður getur farið fram á frestun söluhagnaðar um tvenn áramót frá söludegi
- Kaupi hann annað íbúðarhúsnæði eða hefji byggingu íbúðarhúsnæðis hér á landi
  - eða í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum í stað þess selda
- **innan þess tíma** færist söluhagnaðurinn til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar

# Ákvarðandi bréf

- Hinn 19. okt. 2009 beindi fjármálaráðuneytið þeim tilmælum til embættis ríkisskattstjóra að gera ráðstafanir sem miða að því að tryggja að túlkun skattyfirvalda á 14. og 15. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði með þeim hætti
  - **að ákvæðin taki jafnt til fyrningar og lækkunar á stofnverði eigna hvort sem þær eru staðsettar á Íslandi, í einhverju aðildarríkja Evrópska efnahags svæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum**
- Í tilmælunum var tekið skýrt fram að skattaðili þyrfti að uppfylla öll skilyrði lagagreinanna og geta sýnt fram á það að eign **hafi verið fyrnd eða færð niður í hinu erlenda ríki**
- Með bréfi til allra skattstjóra dags. 21. okt. 2009 voru þessi tilmæli framsend öllum skattstjórum landsins til þóknanlegrar eftirbreytni

# Skattlagning

Muna menn eiga ekki rétt á persónuafslætti

- Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 5. tölul. 3. gr. (af leigu og hagnaði af sölu fasteigna) skal reikna sem hér segir:
  - a) 22% af **tekjum** ef um menn er að ræða. Þegar um er að ræða tekjur manns af útleigu íbúðarhúsnæðis sem fellur undir húsaleigulög er heimilt að taka tillit til frádráttar skv. a-lið 1. mgr. 58. gr. a. Þó skal ekki leggja tekjuskatt á 50% af tekjum manns af útleigu íbúðar húsnæðis sem fellur undir húsaleigulög. **Raunverulegur skattur er því 11%**
    - Orðið „tekjum“ merkir brúttótekjur og eiga menn því engan frádráttarrétt - BRÚTTÓSKATTUR

# Lögaðilar greiða hins vegar

- b) 20% af **tekjuskattsstofni**, sbr. 2. tölul. 61. gr.,  
ef um lögaðila er að ræða
  - Orðið **tekjuskattsstofn** vísar til 2. tölul. 61.gr. TSL sem þýðir  
að lögaðilar svara skatti af mismun heildartekna og  
heildargjalda - NETTÓSKATTUR

# Verklag

- Skattlagning útlendinga af tekjum af fasteignum sem staðsettar eru hér á landi
- Skattlagning innlendinga af tekjum af fasteignum sem staðsettar eru erlendis
  - þar með talið mildun tvískattlagningar



# Skipting skattlagningarréttar

- Um skiptingu skattlagningarréttar skv. tvísköttunarsamningum eru ákvæði í 6. gr. OECD-fm
- Umrædd grein byggist á **staðsetningar** viðmiði. Samkvæmt því er litið svo á að sérstaklega nánin tengsl séu á milli fasteignar og landsins sem hún er staðsett í

## 6. gr. OECD-fm

- Income derived by a resident of a Contracting State from immovable property (including income from agriculture or forestry) situated in the other Contracting State **may be taxed** in that other State
- Tekjur sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði eða skógarnytjum) sem staðsett er í hinu aðildarríkinu **má skattleggja** í þessu síðarnefnda ríki

# Nánar um 6. gr. OECD-fm

- Samkvæmt 6. gr. má það land sem fasteign er staðsett í ætíð skattleggja þær tekjur sem stafa af henni/fasteignin gefur af sér
- Þetta þýðir að heimilisfestarland skatt aðila verður að milda tvískattlagning una skv. skattafrádráttaraðferð, sbr. B-lið 23. gr.

# Hugtakið fasteign skv. 6. gr.

Skilgreining keldulandsins ræður

- Hugtakið „fasteign” skal hafa þá merkingu sem það hefur **samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem fasteignin er**
  - Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér **fylgifé með fasteign**, **áhöfn** og **tæki**, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttar, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum og öðrum náttúruauðlindum
- **Skip og loftför teljast ekki til fasteigna. Neikvæð afmörkun**

# Fylgifé með fasteign, áhöfn

- **fylgifé**
- áhöfn
  - **bústofn**
  - búfé

# Keldulandsskilgreining

Muna 2. mgr. 3. gr. OECD

- Ef hugtak er ekki skilgreint í tvísköttunar-samningi og merking þess verður ekki leidd sjálfvirkt af samhenginu ber almennt að ganga út frá túlkun notkunarlands um merkingu þess
- Það þýðir að leggja ber merkingu heimilisfestarlands í heimilisfestarlandi og keldulands í keldulandi samnings til grundvallar merkingu hugtaksins
- Þegar fasteignir eru annars vegar er heimilisfestarland skyldugt að ganga út frá skilgreiningu keldulands samnings. Túlkun þess hefur þannig forgang

# Nánar um hugtakið

- Neikvæð skilgreining gagnvart skipum og loftförum. Slíkar eignir geta því aldrei talist fasteignir jafnvel þótt svo sé fyrir mælt í lögum keldulands samnings
- Jákvæð skilgreining gagnvart búskap og skógrækt. Tekjur af slíkri starfsemi teljast ávallt fasteignatekjur. Ath. fullvirðisrétt
- Skv. lögum samningsríkis. Hvaða lögum. Skattalögum. Ath. 2. tölul. C-lið 7. gr. TSL

# Fullvirðisréttur

Réttur til að framleiða ákveðið magn  
mjólkur/kyndakjöts gegn greiðsluábyrgð ríkissjóðs

- Fullvirðisréttur skattleggst skv. 15. gr. TSL. Umrædd grein tekur til fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 33. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnan leg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, svo sem lóðarréttindi og fullvirðisrétt
- Þetta skiptir máli að því er skattlagninguna varðar. Þar sem tekjur af fullvirðisrétti eru fasteignatekjur skv. íslenskum lögum er nefnilega hægt að byggja skiptingu skattlagningarréttarins á 6. gr. Uppruna landið hefur því jafnan rétt á að skattleggja þegar svo stendur á



# Um tekjurnar

Sjá nánar 3. mgr. 6. gr. OECD fm

- Ákvæði 1. mgr. 6. gr. gilda um tekjur vegna beinna afnota, útleigu og sérhverra annarra afnota. **Hér til teljast m.a. reiknuð húsaleiga**
- Ef Íslendingur á íbúð erlendis og er gert að greiða hlunnindaskatt af henni þar getur hann átt rétt á mildun hér á landi en þó því aðeins að honum sé líka gert að greiða hlunnindaskatt hér t.d. vegna of lágrar leigu

# Afmörkun gagnvart 7. gr. og 14. gr.

- Ákvæði 6. gr. hefur forgang gagnvart 7. og 14. gr. Þessi forgangur er skilyrðislaus
- Einu máli gildir því þótt fasteign teljist föst starfsstöð eða fastur staður
- Sama gildir um fasteignir sem teljast varanlegir rekstrarfjármunir hjá fyrirtækjum
- Skiptingu skattlagningarréttar vegna tekna af fasteignum ber því ávallt að haga skv. 6. gr.
- Þýðing þessa er þó almennt frekar lítil þar sem skipting skattlagningarréttarins skv. 6. og 7. gr.(og 14. gr.) OECD fm er venjulega eins

# Hagnaður af sölu fasteigna

- Um skiptingu skattlagningarréttar vegna hagnaðar af sölu eigna þar með talið fasteigna eru ákvæði í 13. gr. OECD-fm
- Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins byggist skattlagningarrétturinn þegar um fasteignir er að ræða á staðsetningarviðmiði eins og þegar reglulegar tekjur eiga í hlut
- Samkvæmni er því milli 6. gr. og 13. gr. að þessu leyti

# Uppgjör tekna, kelduland

- Ákvæði 6. gr. veitir engar leiðbeiningar um það hvernig haga skuli uppgjóri tekna af fasteignum
- Ekkert er því þess vegna til fyrirstöðu að kelduland samnings geri þær upp skv. innlendum rétti
- Gjöld verða þó að tengjast öflun og notkun fasteignar til að vera frádráttarbær. Vextir af veðskuldum. Hámarksfrádráttur

# Uppgjör tekna, heimilisfestarland

- Á sama hátt ber heimilisfestarlandi að haga uppgjóri teknanna í samræmi við innlend lög hjá sér
- Tilvísun 2. mgr. 6. gr. til laga samningsríkis þar sem fasteignin er staðsett tekur enda eingöngu til skilgreiningarinnar á hugtakinu fasteign
- Uppgjör teknanna þar með talið hvort og hvað megi draga frá öflun þeirra fellur þar fyrir utan

# Tekjur af fasteign frá 3ja ríki

- Gildissvið 6. gr. og 13. gr. er einskorðað við tekjur af fasteign í keldulandi samnings
- Forgangsréttur keldulands tekur því umfram allt til fasteigna sem staðsettar eru í því ríki
- Sé fasteign staðsett í heimilisfestarlandi skattaðila eða ónefndu 3ja ríki fer því um skiptingu skattlagningarréttarins skv. 21. gr. OECD-fm
- Þegar svo stendur á er því einungis unnt að skattleggja tekjurnar í heimilisfestar ríki skattaðila

# SPURNINGAR

# Skattskil 3

Alþjóðlegur skattaréttur

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Tekjur af eignarhlutum í  
fyrirtækjum

Glærupakki 9b



# Við skoðum fyrst

- Skattlagningu útlendinga sem hlotnast tekjur af eignarhlutum í íslenskum fyrirtækjum

og svo

- Skattlagningu innlendinga sem hlotnast tekjur af eignarhlutum í erlendum fyrirtækjum
  - fyrst innlendu skattlagninguna, síðan erlendu skattlagninguna eða afdráttarskattinn og í framhaldi af því mildun tvískattlagningar þeirra

# Innlend skattlagningarheimild

## 7. tölul. 3. gr. TSL

### Fenginn arður o. fl.

- Allir (útlendir, erlendis búsettir) aðilar sem hafa tekjur, þar með talinn söluhagnaður, af íslenskum hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum til hlutdeildar í hagnaði eða af rekstri íslenskra fyrirtækja skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum

# Hverjir eru skattskyldir?

## Erlendis búsettir ...

1. Allir aðilar, það er bæði menn og lögaðilar, sem innlendir aðilar, það er hlutafélög, samvinnufélög o. fl. greiða arð – móttaka fengins arðs
2. Allir aðilar, það er bæði menn og lögaðilar sem hlotnast hagnaður af sölu hlutabréfa o. fl. í innlendum hlutafélögum, einkahlutafélögum
  - Ath. ekki skiptir máli hvort seljandinn og eða kaupandinn er innlendir eða erlendir aðili
  - Óvissa er þó um staðgreiðsluna þegar svo stendur á, sjá nánar hér á eftir - ekki lengur

# Hvaða tekjur sæta skatti

Allir þeir sem hafa ...

## 1. Tekjur af hlutabréfum

- Arður, sbr. 11. gr. TSL

## 2. Tekjur af stofnbréfum

- Hér til teljast umfram allt vextir af séreign í stofnsjóði samvinnufélags, sbr. 3. tölul. C-liðar 7. gr. TSL - einstaklingstekjur
- Tekjur skv. 5. tölul. og 6. tölul. C-liðar 7. gr. TSL skattleggjast hins vegar sem atvinnurekstrartekjur

## 3. Tekjur af **ÖÐRUM RÉTTINDUM** til hlutdeildar í hagnaði - hagnaðarhlutdeildarskuldabréf

- „... öðrum réttindum ...“ er óskilgreint og veit maður því ekki alveg hvaða tekjur liggja hér að baki

# Sjá lög um hlutafélög

- Breytanleg skuldabréf, sjá Lántaka með sérstökum skilyrðum, sbr. VI. kafli hlu - vextir
- Áskriftarréttindi, sjá 45. gr. hlu – arður, hagnaður
- Hagnaðarhlutdeildarskuldabréf, sjá 50. gr. hlu – vextir eða arður, hagnaður eða afföll, meira álitamál

# Hvað er arður, sjá 11. gr. TSL

## venjulegur arður, lækkun og úthlutun

1. Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., telst auk **venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda** með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu
2. Einnig telst til arðs **lækkun** hlutafjár, sem er greidd út til hluthafa, **umfram kaupverð**. Hafi aðili eignast hlutabréfin fyrir árslok 1996 er honum heimilt að miða við upphaflegt kaupverð hlutabréfanna þegar það hefur verið hækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár til ársloka 1996, eða jöfnunarverðmæti hlutabréfanna, sbr. 3. mgr. 18. gr., sé það hærra
3. Nú er félagi sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. slitið án þess að um sameiningu félaga sé að ræða, sbr. 51. gr., og skal þá teljast til arðs **úthlutun við félagsslit sem er umfram kaupverð bréfanna**

# Heimil arðsúthlutun hvað þýðir þetta?

- Sjá 74. gr. laga um einkahlutafélög er hljóðar svo:
  - Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. ...1)

# 11. gr. TSL

## Óheimil arðsúthlutun

- Úthlutun verðmæta skv. 1. mgr. til hluthafa eða hlutar-eiganda sem jafnframt er starfsmaður félags, eða tengds félags, **telst vera laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr.** ef hún er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einkahlutafélög
- **EF ÚTHLUTUN TIL ANNARRA EN STARFSMANNA ER ÓHEIMIL SAMKVÆMT LÖGUM UM HLUTAFÉLÖG EÐA LÖGUM UM EINKAHLUTAFÉLÖG** skal skattleggja úthlutunina sem tekjur skv. 4. tölul. A-liðar 7. gr.
- Ef slík úthlutun á sér stað til sameignarfélags, þar sem einn sameigenda er hluthafi, stjórnarmaður eða starfsmaður félagsins sem úthlutar verðmætum, skal úthlutunin teljast til tekna hjá honum skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr.



# Sjá 2. gr. laga nr. 69/2016 breytanleg skuldabréf

- Við 1. mgr. 18. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hagnaður **einstaklings utan atvinnurekstrar** vegna viðskipta með breytanleg skuldabréf sem **breytt hefur verið í hlutabréf á lægra verði en nemur markaðsverði bréfanna**, sbr. 47.– 49. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og 31.– 32. gr. laga um einka hlutafélög, nr. 138/1994, **telst til skattskyldra fjármagnstekna þegar hlutabréfin eru seld**

# Skattlagning arðs

## -arður umfram 20% af eiginféféll úr gildi 1. jan. 2014

- Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs

# Arður skv. 11. gr. TSL

## yfirlit

1. Venjulegur arður, það er regluleg úthlutun á hagnaði ársins eða eldri ára. Tekjufærsla miðast við heildartekjur á þeim degi sem ákvörðun um arðsúthlutun er tekin
2. Lækkun hlutafjár. Ákvörðun tekna lítur sömu reglum og hagnaður, sbr. 18. gr. TSL
3. Úthlutun við félagsslit. Ákvörðun tekna lítur sömu reglum og hagnaður, sbr. 18. gr. TSL
4. Dulinn arður. Hvers konar greiðslur sem í eðli sínu eru afrakstur af hlutareign. Skattleggst sem laun eða gjöf

„... þar með talinn söluhagnað af ...“

- Erlendis búsettur aðili sem selur hérlandis búsettum aðila eignarhluti í **íslenskum fyrirtækjum** þarf að svara skatti af hagnaðinum
- Sama gildir um tvo útlendinga sem eiga viðskipti með ísl. hlutabréf saman. Hinn erlendi seljandi er skyldur að telja fram og gera skil á tekjuskatti sínum
- Þetta gildir fortakslaust nema heimilisfestaríki seljandans hafi gert tvísköttunarsamning við Ísland og grundvelli OECD fm

# Hvað merkir

íslenskum = **íslenskra fyrirtækja**

- „...**íslenskum** hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum til hlutdeildar í hagnaði eða af rekstri **íslenskra fyrirtækja** skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum“
- =>Um er að ræða eignarhluti í hlutafélögum, einkahlutafélögum, samvinnufélögum (B-deild) og sameignarfélögum (sjálfstæðir skattaðil ar) sem heimilisföst eru hér á landi

- **Úrskurður nr. 138/2010.** Kærandi í máli þessu, sem var viðskiptabanki, annaðist um kaup Þ ehf. á hlutabréfum í Y hf. af tveimur erlendum lögaðilum, X og Z, á árinu 2003. Báru hinir erlendu lögaðilar takmarkaða skattskyldu hér á landi vegna hagnaðar af sölu hlutabréfanna. Ríkisskattstjóri taldi að kæranda hefði borið að standa skil á staðgreiðslu tekjuskatts af söluhagnaði hlutabréfanna þar sem kærandi hefði haft milligöngu um staðgreiðsluskyldar greiðslur í viðskiptunum í skilningi staðgreiðslulaga nr. 45/1987
- Í úrskurði yfirskattanefndar var bent á að í lögum nr. 45/1987 væri ekki að finna nánari skilgreiningu á því hvenær um væri að ræða milligöngu um staðgreiðsluskyldar greiðslur í skilningi laganna og að tiltæk lögskýringargögn veittu enga leiðsögn í þeim efnum. Þá kom fram að kærandi væri viðskiptabanki og félli undir löggjöf um fjármálafyrirtæki og því væri ljóst að margháttuð miðlun og milliganga um greiðslur og viðskipti með fjármálagerninga, svo sem hlutabréf og önnur verðbréf, væri ríkur og reglubundinn þáttur í leyfisskyldri starfsemi kæranda
- Aðkoma kæranda að viðskiptum með hlutabréf í Y hf. á árinu 2003 hefði þannig falið í sér leyfisskylda þjónustu samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Þá var talið að við úrlausn málsins yrði ekki litið framhjá því að við upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1988 hefði ekki með skýrum hætti verið kveðið á um takmarkaða skattskyldu vegna söluhagnaðar hlutabréfa í lögum um tekjuskatt
- Sú staðreynd ásamt því að í frumvarpi til staðgreiðslulaga kom ekkert fram um mögulegar staðgreiðsluskyldur banka og annarra fjármálastofnana vegna greiðslumiðlunar og annars konar milligöngu slíkra aðila í verðbréfavíðskiptum þótti ekki benda til þess að tilgangur löggjafans hefði verið sá að mæla fyrir um staðgreiðsluskyldu vegna þess háttar milligöngu
- **Það leiddi af viðteknum lögskýringarviðhorfum að lagaákvæði, sem mæltu fyrir um staðgreiðsluskyldu, þyrftu að vera skýr og ótvíræð. Var ekki fallist á með ríkisskattstjóra að kærandi gæti talist hafa haft milligöngu um greiðslur í skilningi staðgreiðslulaga nr. 45/1987 í þeim viðskiptum með hlutabréf í Y hf. sem málið varðaði**
- Var úrskurður ríkisskattstjóra um endurákvörðun á skilaskyldri staðgreiðslu kæranda staðgreiðsluárið 2003 því felldur úr gildi

2. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1987, sbr. lög  
145/2012. Er nú staðgreiðsluskylt  
Sjá reglugerð nr. 630/2013

- Ef milligöngumaður, sbr. 3. gr., annast launagreiðslur skal hann gegna skyldum launagreiðanda varðandi skil og greiðslur samkvæmt lögum þessum
- Sama gildir um umboðsmann aðila sem um ræðir í 2. mgr. 2. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt

# Uppgjör

- Tekjur skv. 7. tölul. 3. gr. TSL sæta alfarið uppgjöri skv. innlendum reglum
- Um ákvörðun teknanna gilda þannig sömu reglur og þegar innlendir aðilar eiga í hlut
- Heimildir til að fresta og dreifa skattlagningu teknanna eru einnig þær sömu



# Skattlagning

## sjá 7. tölul. 70. gr. TSL

- Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 7. tölul. 3. gr. skal reikna sem hér segir:
  - a) 22% af tekjum ef um mann er að ræða
    - ✓ Sami skattur og þegar innlendir menn eiga í hlut
  - b) 20% af tekjum ef um lögaðila er að ræða

# Orðið: af tekjum

- ... á ekki við þegar um **hagnað** er að ræða vegna þess að skattlagningin beinist þá auðvitað ekki að brúttótekjunum heldur nettótekjunum það er mismuni söluverðs og kaupverðs
- Eðlilegra hefði því verið að nota orðið **hagnaður** við lýsingu á andlagi skattsins

# Hvað með erlent móðurfélag?

- Innlent móðurfélag þarf **ekki** að greiða arðsskatt vegna fengins arðs, sbr. ...
- En hvað með erlent móðurfélag?
  - Sama gildir um fjárhæð **sem** félög í sömu félaga formum sem skattskyld eru skv. 7. tölul. 3. gr. og eru **heimilisföst** í öðru aðildar ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildar ríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum **hafa** fengið greidda í arð, sbr. 2. málsl. 9. tölul. 31. gr. TSL – er tryggir þeim sama frádráttarrétt
- Félagið er því undanþegið skatti. Þessu er eins farið um hagnað, sbr. 9. tölul. a 31. gr. TSL

# Við skoðum fyrst

- Skattlagningu útlendinga sem hlotnast tekjur af eignar hlutum í íslenskum fyrirtækjum

og svo

- Skattlagningu innlendinga sem hlotnast tekjur af eignarhlutum í erlendum fyrirtækjum
  - fyrst erlendu skattlagninguna eða **afdráttar skattinn**, svo innlendu skattlagninguna og loks mildun tvískattlagningar þeirra

# Alþjóðlegur réttur, OECD-fm

- Fjallað er um skiptingu skattlagningarréttar vegna reglulegra tekna af eignarhlutum í hlutafélögum í 10. gr. OECD fm
- Samkvæmt því getur **heimilisfestarland viðtakanda** arðsins skattlagt bjóði því svo við að horfa, sbr. eftir farandi texta:
  - Dividends paid by a company which is a resident of a Contracting State to a resident of the other Contracting State **may be taxed in that other State**
  - Arð, sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, **má skattleggja í síðarnefnda ríkinu**
- Ekki nóg með það: Heimilisfestarland félagsins getur nefnilega líka skattlagt

# Skipting skattlagningarréttar

- Í 10. gr. er skattlagningarrétti arðs skipt á milli heimilisfestarlands og keldulands samnings
- Bæði heimilisfestarland og kelduland samnings geta semsé skattlagt
- Hámark er þó á skattlagningarrétti keldulands samnings, sjá nánar hér á eftir
- Skattlagningarréttur heimilisfestarlands hluthafa er því ríkari
- Þetta veldur tvískattlagningu sem þýðir að heimilisfestarland hluthafans verður að milda skv. 2. mgr. A-liðar 23. gr. eða 1. mgr. B-liðar 23. gr.

# 10. gr. OECD-fm

## Nánar um efni ákvæðisins

- Ákvæði 10. gr. OECD-fm fjallar um skiptingu skattlagningarréttar - ekki vegna félagsins sem slíks - heldur vegna úthlutunar á hagnaði þess til eigenda eignarhluta í félaginu sem heimilisfastir eru í hinu samningsríkinu
  - Það sem meira er, ákvæðið einskorðast við úthlutun frá félagi sem heimilisfast er í öðru samningsríkinu til aðila með heimilisfasti í hinu samningsríkinu – Skv. því tekur það **EKKI** til arðs með uppruna í öðrum ríkjum
- Þar sem hluthafinn er eigandi eignarhlutar í félagi, sem sætir skattlagningu, telst ríkið þar sem hann er búsettur heimilisfestarland í skilningi 10. gr., en hitt ríkið þar sem félagið er heimilisfast, kelduland eða upprunaland teknanna

# Hugtakið arður => skilgreining

## Sjá 3. mgr. 10. gr. OECD-fm

- 3. mgr. 10. gr. hefur að geyma skilgreiningu á arði. Til að forðast ágreining um innihald hugtakisins hefðu menn auðvitað getað skilgreint arð með fullnægjandi hætti
  - Um það hefur hins vegar ekki náðst samstaða milli aðildarríkja OECD. Til þess eru þau einfaldlega of ólík
- Í staðinn hefur ákvæðið að geyma almenna upptalningu á dæmigerðum greiðslum sem teljast arður skv. lögum þess ríkis er félagið, sem innir af hendi arðinn, er heimilisfast í, sbr. eftirfarandi



# Arðshugtakið, ágóðahlutir ekki gott orð

Hugtakið „ágóðahlutir“ (eða arður) merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, ágóða-hlutaskírteinum eða ágóðahlutaréttindum, námu-hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum **SEM EKKI ERU SKULDAKRÖFUR** er veita rétt til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum sem farið er með við skattlagningu á sama hátt og tekjur af hluta-bréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem framkvæmir úthlutunina er heimilis-fast

# Nánar um arðshugtakið

- Af 3. mgr. 10. gr. leiðir að leggja ber skilgreiningu **keldulands samnings** á arðshugtakið til grundvallar skiptingu skattlagningarréttarins
- Aðalatriði er þó hvort hlutaðeigandi tekjur séu skattlagðar, **sem arður**, skv. lögum keldulands-samnings. [Ath. hvaða þýðingu þetta hefur](#)
- Ef Ísland er kelduland myndi afmörkunin í 4. tölul. C-liðar 7. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 90/2003 vega þyngst. Til arðs teljast því án vafa eftirfarandi greiðslur:

# AFMÖRKUN ARÐS

1. Venjulegur arður, sbr. 74. gr. EHL
2. Lækkun hlutafjár með útgreiðslu til hluthafa, sbr. 34. gr. EHL umfram upphaflegt kaupverð hlutar
  - Endurkaup. Skattleggst sem arður hjá sumum þjóðum. Hér til teljast t.d. Danmörk
3. Úthlutun við félagsslit umfram upphaflegt kaupverð hlutar, sbr. 92. gr. EHL
- ~~4. Dulinn arður. Sérhver önnur afhending verðmæta til hlutareiganda~~

# Ytri takmörkun

- Þótt leggja beri skilgreiningu keldulands samnings á arðshugtakinu til grundvallar við skattlagninguna í heimilisfestarlandinu er ekki þar með sagt að kelduland hafi óheft svigrúm við ákvörðun skilgreiningarinnar
- Ákvæði 3. mgr. 10. gr. hefur að geyma skilgreiningu á arðshugtakinu og þótt sú skilgreining sé vissulega veik takmarkar hún hversu langt kelduland samnings getur gengið við útvíkkun hugtaksins. **Undir hugtakið arður geta t. d. ekki fallið greiðslur sem í eðli sínu eru vextir af kröfum**
- **Skattlagning arðs sem launa hér á landi vekur líka spurningar**

# Dæmi

- A sem er búsettur hér á landi er aðaleigandi í dönsku einkahlutafélagi. Árið 2018 sættu skattskil félagsins endurskoðun. Nú liggur fyrir niðurstaða hennar og skv. henni er upplýst að A skuldar félaginu 10 millj.
- Skv. dönskum lögum skattleggst úttektin sem dulinn arður og lítur hann skiptingu skv. 10. gr. NOR. Danir geta því aðeins gert A 15% skatt
- En hvernig verða þessar tekjur skattlagðar hér á landi
  - Sem fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 66. gr. TSL **EÐA**
  - Sem launatekjur, sem 2. mgr. 11. gr. TSL

# Hvaða máli skiptir þetta?

- Segjum að lánið nemi 1 millj. ikr. Skattur mannsins í DK er því 150.000 ikr.
- Á Íslandi er litið á lánið sem laun og miðað við tekjur mannsins ber það 462.400 ikr. skatt (2. þrep)
- Lánið er semsé tvískattlagt og er okkar höfuðverkur að ákveða mildunina
  - Skattfrádráttur takmarkast við 150.000 ikr.

# YSÚ 554/2012

- Kærandi, sem var búsett í Svíþjóð, var eigandi 12,5% hlutafjár í X ehf. Ríkisskattstjóri færði kæranda til tekna sem **skattskylda gjöf** greiðslu frá X ehf. á þeim grundvelli að **ekki** hefði verið um að ræða lögmæta úthlutun af fjármunum einkahlutafélagsins
- Ekki var fallist á með kæranda að skylda hennar til endur greiðslu hinnar óheimilu úthlutunar eftir reglum laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, hefði þýðingu varðandi skattlagninguna. Þá gátu möguleikar X ehf. til lækkunar hlutafjár ekki skipt máli þar sem fyrir lá að hluthafafundur félagsins tók enga ákvörðun um lækkun hlutafjár á árinu 2006
- **Um væri að ræða tekjur kæranda af hlutareign sem féllu undir 10. gr. í tvísköttunarsamningi milli Norðurlandanna (ágóðahlutir) en ekki 22. gr. samningsins (aðrar tekjur).** Var kröfum kæranda hafnað, þar með talið varakröfu um að tekið yrði tillit til inneignar kæranda hjá X ehf. í árslok 2006, enda tengdist hin umdeilda greiðsla ekki inneign kæranda hjá félaginu samkvæmt viðskiptareikningi og fól að engu leyti í sér lúkningu á skuld félagsins við hana

- Samkvæmt framansögðu og að virtum lagaskilyrðum fyrir úthlutun arðs samkvæmt XII. kafla laga nr. 2/1995 þykir ljóst að umrædd greiðsla til kæranda að fjárhæð 2.101.440 kr. á árinu 2006 gat ekki talist lögmæt úthlutun af fjármunum X ehf., sbr. 73. gr. laga nr. 138/1994. Verður því að taka undir það með ríkisskattstjóra að um hafi verið að ræða slíka afhendingu verðmæta sem um ræðir í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003. **Eins og fram er komið miðaði ríkisskattstjóri við að umrædd úttekt teldist til tekna hjá kæranda sem skattskyld gjöf í skattframtali árið 2007, sbr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003**
- Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003 er tekið fram að úthlutun verðmæta samkvæmt 1. mgr. sömu lagagreinar til hluthafa eða hlutareiganda sem jafnframt er starfsmaður félags, eða tengds félags, **teljist vera laun** samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 anna ef hún er óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða lögum um einka hlutafélög. Ef úthlutun til annarra en starfsmanna sé óheimil samkvæmt lögum um hlutafélög eða einkahlutafélög skuli skattleggja úthlutunina **sem tekjur samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. greindra laga nr. 90/2003**
- Að þessu athuguðu og þar sem ekkert liggur fyrir um vinnuframlag kæranda í þágu X ehf. á árinu 2006 verður byggt á því að kærandi hafi **ekki** verið starfsmaður félagsins á því ári. **Samkvæmt því ber að telja kæranda umrædda greiðslu til tekna sem skattskylda gjöf samkvæmt 4. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 2. mgr. 11. gr. sömu laga, eins og ríkisskattstjóri hefur gert**



# Skoðum 2. mgr. 11. gr. TSL

Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í **1. tölul. 1. mgr. 2. gr. (íslensk hlutafélög / einkahlutafélög**, telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verð mæta til hlutareiganda ...Nánar, sjá 1. mgr. 11. gr. TSL

1. Úthlutun verðmæta skv. 1. mgr. til hluthafa eða hlutareiganda sem jafnframt er starfsmaður félags, eða tengds félags, telst vera laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. ef hún er **ÓHEIMIL** samkvæmt lögum um einkahlutafélög
2. Spurning: Takmarkar tilvísunin til **1. tölul. 1. mgr. 2. gr. TSL** skattlagningarréttinn við íslensk félög eða ber einungis að líta á tilvísunina sem leiðbeiningu um það hvers konar félög um er að ræða

# Skattlagningarréttur keldulands

## Hámark á skatti

2. However, such dividends may also be taxed in the Contracting State of which the company paying the dividends is a resident and according to the laws of that State, but if the beneficial owner of the dividends is a resident of the other Contracting State, the tax so charged shall not exceed:
  - a) *5 per cent of the gross amount of the dividends if the beneficial owner is a company (other than a partnership=sameignarfélag) which holds directly at least 25 per cent of the apital of the company paying the dividends;*
  - b) *15 per cent of the gross amount of the dividends in all other cases.*
- The competent authorities of the Contracting States shall by mutual agreement settle the mode of application of these limitations. This paragraph shall not affect the taxation of the company in respect of the profits out of which the dividends are paid

# Hin ísl. þýðing er svohljóðandi

2. Slíka ágóðahluti má þó einnig skattleggja í því aðildarríki þar sem félagið sem ágóðahlutina greiðir er heimilisfast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé móttakandinn hins vegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna má skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:
  - a) 5 af hundraði af **vergri** (brúttó) fjárhæð ágóðahlutanna ef raunverulegi rétthafinn er **félag** (undanskilið er þó sameignarfélag) sem á beint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir;
  - b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna **í öllum öðrum tilvikum**
- Bær stjórnvöld aðildarríkjanna geta með gagnkvæmu samkomulagi kveðið nánar á um hvernig framkvæmd framangreindra takmarkana verði háttað. Ákvæði þetta skal ekki hafa áhrif á skattlagningu félags þess vegna hagnaðar sem arðurinn er greiddur af

# Tekjuuppgjörið í keldulandinu heimilisfestar ríki félagsins

- Keldulandið getur semsé beitt tvenns konar skatt-hlutföllum, annars vegar 15% og hins vegar 5% af brúttóhagnaðinum
- Hlutfallið ræðst af stærð eignarhluta aðila í félagi. Nemi eignarhlutinn 25% er skatturinn 5% en annars 15%. **Jafnframt er skilyrði að eignaraðilinn sé félag**
- Í ákvæðinu er ekkert fjallað um uppgjör arðsins. Uppgjör hans fer því alfarið eftir lögum keldulandsins
- Beita má brúttó- eða nettóuppgjöri. Við ákvörðun skattsins þarf aðeins að gæta að því að hann fari ekki yfir 15% eða eftir atvikum 5% af brúttóarðinum

# Tekjuuppgjörið í heimilisfestarlandinu

- Uppgjör tekna í heimilisfestarlandinu þarf ekki að vera eins og í keldulandi samnings
- Viðhafi kelduland brúttóaðferð er þess vegna ekkert því til fyrirstöðu að heimilsfestarríkið noti nettóaðferð við uppgjör á hinum mildunarhæfu tekjum

# FS-fyrirvari

- Skv. 4. mgr. 10. gr. gildir ákvæði 10. gr. ekki um skiptingu skattlagningarréttarins ef hlutabréfin sem gefa af sér arðinn **TILHEYRA** fastri starfsstöð í keldulandi samnings – raunverulegur eigandi
- Við slíkar aðstæður getur kelduland samnings því óhindrað skattlagt arðinn. Öfugt við 10. gr. eru því engin takmörk á skattlagningarrétti þess
- Þar að auki er skattlagningarrétturinn víðtækari þar sem hann einskorðast ekki við arð sem uppruna á í **KELDULANDI SAMNINGS**
- Til skatts kemur því bæði arður sem uppruna á í keldulandi, heimilisfestar landi og ónefndu 3ja ríki

# Hagnaður af sölu hlutabréfa

- 10. gr. tekur eingöngu til arðs - ágóðahluta - slæmt orð - vegna þess að það merkir í raun hagnað (d. avance)
- Um skattlagningu hagnaðar af eignarhlutum í fyrirtækjum fer skv. 4. mgr. 13. gr. OECD fm
- Skv. henni er meginreglan sú að einungis megi skattleggja tekjurnar í heimilisfestarlandi skattaðila. Kelduland samnings hefur því ekki rétt á að skattleggja þegar svo stendur á

## 4. mgr. 13. gr. OECD fm

hvað gerist ef heimilisfestarríkið getur ekki skattlagt

- Gains from the alienation of **any property** other than that referred to in paragraphs 1, 2 and 3, shall be taxable only in the Contracting State of which the alienator is a resident
- Hagnað, sem hlýst af sölu **ANNARRA EIGNA EN þeirra sem** getið er í undanfarandi máls greinum þessarar greinar, skal einungis skattleggja í því aðildarríki þar sem seljandinn er heimilisfastur



# Meginreglan

## 6. mgr. 13. gr. NOR

- Hagnað, sem hlýst af **afhendingu annarra eigna** en getið er í 1.-5. mgr. (það er fasteignir, lausafé FS, skip og flugvélar svo og hugverk) **skal** einungis skattleggja í því samningsríki þar sem eigandinn er heimilisfastur
- Þetta er í samræmi við meginregluna í fyrirmyndinni, en síðan höfum við sérregluna

# SÉRREGLAN

## FRAMLENGDUR ...

- Hagnað vegna **afhendingar** hlutabréfa eða annarrar hlutar eignar eða réttinda í félagi eða samtökum aðila sem samkvæmt löggjöf samningsríkis hafa heimilisfesti þar eða í félagi eða samtökum aðila sem hafa heimilisfesti í öðru samningsríki, **að því tilskildu** að verðmæti hinna afhentu hlutabréfa eða hlutareignar eða réttinda séu einkum fólgin beint eða óbeint í eignarhaldi hlutabréfa, annarrar hlutar eignar eða réttinda í félagi eða samtökum aðila, sem samkvæmt löggjöf fyrrnefnda ríkisins hafa heimilisfesti þar,
- **og því að hagnaðurinn komi í hlut manns sem hafði heimilisfesti í því ríki, en hefur öðlast heimilisfesti í öðru samningsríki** – má þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. - skattleggja í fyrrnefnda samningsríkinu ef afhending hluta bréfanna, hlutareignarinnar eða réttindanna **á sér stað einhvern tíma Á NÆSTU FIMM ÁRUM** eftir það ár þegar maðurinn hætti að eiga heimilisfesti í fyrrnefnda ríkinu

# „...réttinda í félagi eða samtökum aðila ...“

- Með réttindum í félagi eða samtökum aðila er í þessari málsgrein átt við breytanleg skuldabréf, breytanleg hagnaðarhlutdeildarskírteini, valkvæð réttindaskírteini sem félag eða samtök aðila gefa út ásamt valkvæðum réttindaskírteinum og tímabilsgreiðslusamningum sem fólgnir eru í hlutareignum eða hlutabréfum í félagi eða samtökum aðila eða í einhverjum af framangreindum fjárhagslegum réttindum

# 19 § sænsku tekjuskattslaganna

- Den som är begränsat skattskyldig är skattskyldig för kapitalvinst på sådana tillgångar och förpliktelser som avses i andra stycket, om han vid något tillfälle under **det kalenderår då avyttringen sker eller under de föregående tio kalenderåren har varit bosatt i Sverige eller stadigvarande vistats här**
- Skattskyldigheten gäller oavsett i vilket inkomstslag kapitalvinsten ska tas upp. Skattskyldigheten gäller också belopp som motsvarar en kapitalvinst och som enligt 51 kap. 3 och 4 §§ ska tas upp i inkomstslaget näringsverksamhet
- Skattskyldigheten enligt första stycket omfattar delägar rätter enligt 48. kap. 2 §, andelar i svenska handelsbolag och i utlandet delägarbeskattade juridiska personer. Andelar i investeringsfonder omfattas dock inte

# Þraut

- Getur Ísland skattlagt undir hliðstæðum kringumstæðum
- Ef svarið er nei viltu þá vera svo vænn að rökstyðja hvers vegna
- Jú, okkur vantar innlenda skattlagningar heimild í 3. gr. TSL

# En hvað með varaskattlagningarrétt

- Sjá 26. gr. NOR

# Fenginn arður. Skattlagning skv. innlendum rétti

- Skattlagning arðs er innlendir aðilar fá greiddan erlendis frá er mjög flókin
- Ólíkar reglur gilda þannig eftir því hvort um er að ræða einstaklinga eða atvinnurekanda
- **Einstaklingar** verða að jafnaði að greiða 22% fjármagnstekjuskatt. Sjá 4. tölul. C-liðar 7. gr. TSL, sbr. 11. gr. TSL og 3. mgr. 66. gr. TSL
- Hjá **atvinnurekendum** ræðst skattlagningin aftur á móti af því hvaða form er á rekstri hans

# Skattlagning móttekins arðs

hjá innlendum rekstraraðilum frá 1. jan. 2018

| <b>Fyrirtæki</b> | <b>Einstak</b> | <b>Sf</b> | <b>Ehf</b> |
|------------------|----------------|-----------|------------|
| <b>1. Þrep</b>   | 36,94%         | 22%       | 0%         |
| <b>2. Þrep</b>   | 46,24%         | 22%       | 0%         |



# LAGAGRUNDVÖLLUR

- Þar sem arðurinn telst venjulegar atvinnurekstrartekjur hjá mönnum ræðst skatthlutfallið af 1. mgr. 66. gr. TSL ekki 3. mgr. sömu greinar
- Í sjálfu sér er eðli arðsins hið sama hjá sf./slf. og hf./ehf. Bæði hf./ehf. er hins vegar heimilt að draga fenginn arð frá tekjum og þurrkast tekjufærsla hans því út
- Þessu er eins farið hjá sf. og slf. en þar sem þau eru einskattlögð fyrirbæri er arðskattur þeirra 22%

# Partizipation exemption

## Þátttakenda undanþága

Frá tekjum hlutafélaga o. fl. af atvinnurekstri má draga


- Þá fjárhæð sem hlutafélög, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., og félög og **samlög** sem falla undir 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. **HAFI FENGID GREIDDA Í ARÐ** skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. af hlutum og hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. XII. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög
- Sama gildir um fjárhæð sem félög í sömu félagaformum sem skattskyld eru skv. 7. tölul. 3. gr. og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fengið greidda í arð – áhrif mismunarbanns EES samningsins
- Ákvæði 1. málsl. skal einnig taka til arðs **frá** hlutafélögum sem skráð eru erlendis ef það félag sem arðinn fær sýnir fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi. **Frádráttur samkvæmt 3. málsl. er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD) eða aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum**

# Hvað er undanþegið?

## Sjá núna YSÚ 12 og 13/2017

- Arður (og hagnaður) af hlutum og hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., sbr. **XII. kafla** laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög
- Lækkun hlutafjár skv. 34. gr. laga nr. 138/1994 sem er í **VII. kafla** **telst því að fullu til tekna**
  - **Ekki lengur, sjá YSÚ 12/1997**
- **Sama gildir um úthlutun** við félagsslit skv. 92. gr. laga nr. 138/1994 sem er í **XIII. kafla**
  - **Ekki lengur, sjá YSÚ 13/2017**

# Arður innanlands og milli landa



# Skilyrði skattundanþágu

- Arður á milli innlendra hlutafélaga er almennt skattfrjáls
  - Tilgangur þessa er að koma í veg fyrir keðjuskattlagningu arðs það er margfalda skattlagningu, það er fyrst hjá dóttur, næst dótturdóttur, svo ...
- Sama gildir um arð sem ísl. hlutafélög frá greiddan erlendis frá ef
  - Skatthlutfall hins erlenda félags er eigi lægra en hér á landi eða einhverju aðildarríkja OECD
  - Hinn erlendi aðili er skattlagður með sambærilegum hætti og innlendur aðili

# KEÐJUSKATTLAGNING ARÐS

## hvernig myndum við svona skattlagningu

Best væri að gera það með því að undanþiggja fenginn arð skatti algerlega. Hér á landi er viðtakandi félagi hins vegar leyft að draga arðinn frá tekjum. Í þeim tilfellum sem félag á fyrir tap af rekstri er afnám keðjuskattlagningarinnar því ekki algert

**PARTICIPATION EXEMPTION=ÞÁTTAKENDAUNDANÞÁGA**

| Hagnaður                          | Dóttir       |              |        |       |       |
|-----------------------------------|--------------|--------------|--------|-------|-------|
|                                   | dóttirdóttir | Dóttirdóttir | Dóttir | Móðir | Maður |
| Hagnaður af rekstri               | 100          | 80           | 67     | 55    | 44    |
| Félagaskattlagning                | 20,0         | 16,0         | 13,4   | 11,0  | 9,0   |
| Hagnaður eftir skatt              | 80           | 67           | 55     | 44    | 37    |
| Skattur manns af úthlutun         |              |              |        |       | 7     |
| Ráðstöfunarfé manns               |              |              |        |       | 30    |
| HEILDARSKATTUR úthlutaðs hagnaðar |              |              |        |       | 70    |

# EIGNARHALDSKRAFA

- Við skattlagningu arðs milli félaga skiptir eignarhald móður á dóttur ekki máli
- Með 7. gr. laga nr. 128/2010 var þó ákveðið að binda skattfrelsið því skilyrði að móttakandi arðs ætti í lok þess árs sem arður er greiddur vegna a.m.k. 10% í þeim lögaðila sem greiðir arðinn
- Þetta sætti mikillri óánægju einkum af hálfu Samtaka atvinnulífsins. Með 2. gr. laga nr. 73/2011 var því ákveðið að afturkalla hana

Sjá 6. og 7. málsl. 9. tölul. 31. gr. TSL og 3. mgr. a-  
liðar 9. tölul. 31. gr. TSL  
**FALLA ÚR GILDI 1. JAN. 2012**

- Skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið eru þau að móttakandi arðs eigi í lok þess árs sem arður er greiddur vegna a.m.k. 10% í þeim lögaðila sem greiðir arðinn
- Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á tekjuárinu
- **TÓK MIÐ AF ERLENDRI FRAMKVÆMD**



# Móður-dóttir tilskipun ESB

## fyrirmynd íslensku ákvæðanna

- Arður, sem dótturfélag í einu aðildarríki ESB, greiðir móðurfélagi í öðru aðildarríki ESB, er almennt **UNDANÞEGINN** skatti hjá viðtöku-félaginu
- Skattundanþágan er háð því skilyrði að móðirin eigi ákv. lágmarkseignarhlutdeild í dótturinni. Óheimilt er þó að gera kröfu um meiri eignarhlutdeild en 25%. Þetta viðmið hefur farið lækkandi og stendur í 10% um þessar mundir

# Arður og hagnaður

- Undanþága þátttakanda í hlutafélögum frá skatti einskorðaðist áður fyrr við arð
- Hagnaður af sölu hlutabréfa naut semsé ekki sama hagræðis
  - **Ekki gleyma þó frestunarmöguleikanum**
- Þetta varð til þess að ákveðinnar tilhneigingar gætti til að tæma félög af eigin fé áður en sala átti sér stað
- Um síðir leiddi þetta til þess að ákveðið var að samræma skattlagningu arðs og hagnaðar
  - **Um leið var frestunarmöguleikinn afnuminn**

# A-liður 9. tölul. 31. gr. TSL

Frá tekjum hlutafélaga o. fl. af atvinnurekstri má draga

- Hagnað af sölu hlutabréfa samkvæmt lögum þessum hjá félögum sem falla undir 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. af hlutabréfum í félögum er greinir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr.
- Sama gildir um hagnað sem félög í sömu félagaformum sem eru skattskyld skv. 7. tölul. 3. gr. og eru heimilisföst í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu hafa fengið af sölu hlutabréfa
- Ákvæði þessa töluliðar tekur einnig til hagnaðar af sölu hlutabréfa í félögum sem skráð eru erlendis ef seljandi sýnir fram á að hagnaður af starfsemi hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert er hér á landi
  - Frádráttur skv. 3. másl. er bundinn því skilyrði að það skatthlutfall sem lagt er á hagnað hins erlenda félags sé eigi lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum

# Útibú og sjálfstætt félag

## Hvað skilur að?

- Eins og áður hefur komið fram eru FS aðeins skattlagaðar einu sinni. Eftir skatt geta HS því tekið hagnaðinn heim án skattlagningar
- Þessu er öðruvísu farið um innlend dótturfélög erlendra aðila. Fyrst er félagið skattlagt og svo eigandinn við heimtöku arðsins → **AFDRÁTTARSKATTUR**
- Gildir þetta fortakslaust nema arðurinn sé gagngert undanþeginn skatti, sbr. 9. tölul. 31. gr. TSL. Sama regla gildir þegar hérlendir aðilar stunda atvinnurekstur erlendis

# Afdráttarskattur Withholdingtax

## Sjá reglugerð nr. 630/2013

- Með afdráttarskatti er átt við skatt lagningu þess ríkis sem félag er heimilisfast í
- Hann ræðst því af innlendum rétti, sbr. 7. tölul. 70. gr. TSL
- Þessi réttur getur þó sætt takmörkum skv. tvísköttunarsamningum. Sjá 10. gr. OECD fm

# SPURNINGAR

# Skattskil 3

Alþjóðlegur skattaréttur

Ásmundur G. Vilhjálmsson  
Vextir, afföll og gengismunur

Glærupakki 9c

# Verklag

- Við skoðum fyrst skattlagningu útlendinga (takmarkað skattskyldra aðila) sem hlotnast vextir í tekjur hér á landi
  - hverjir eru skattskyldir og af hvaða verðmætum ber þeim að greiða skatt
- Og svo skattlagningu innlendinga sem hlotnast vextir í tekjur erlendis þar með talið mildun skattlagningar þeirra



# Innlendur réttur

## Innlend skattlagningarheimild

- Vextir, sem **INNLENDUM** kröfuhöfum hlotnast, teljast skattskyldar tekjur skv. 7. gr. TSL, sbr. 3. tölul. C-liðar 7. gr. TSL – **ótakmörkuð skattskylda**
- Erlendir kröfuhafar, sem hlotnast vextir í tekjur hér á landi hafa hins vegar lengstum verið undanþegnir skatti – **takmörkuð skattskylda**
  - vegna skorts á innlendri skattlagningarheimild

# Rök fyrir skattundanþágu

- Skattundanþágan byggðist á ótta við að yrði upprunalandi vaxtanna, Íslandi, veittur skattlagningarréttur, myndi hinn **erlendi lánveitandi** einfaldlega bæta skattinum við vextina
- Á endanum greiddi erlendi kröfuhafinn því **ekki** skattinn heldur lántakandinn, hinn innlendi skuldari
- Skattlagning upprunalandsins, Íslands, myndi því valda vaxtahækkun. Lánið yrði með öðrum orðum dýrara fyrir skuldarann

# Þetta má til sanns vegar færa ef lánveitandi verður að taka lán til að lána, sjá dæmi

- X lánar 100 hingað til lands. Þetta fé hefur X tekið að láni með 10 í vexti. Hinn innlendi aðili greiðir 15 í vexti af láninu og nemur afdráttarskattur af því 1,5
- Nettóhagnaður af lánveitingunni er 5 og þarf X að svara 0,5 til 1.0 í skatt af þeim í heimalandi sínu
- Heildarskatturinn er því 2 til 2,5 og samkvæmt **tví** ríkjanna á lánveitandinn rétt á venjulegum skattfrádrætti í mildun, það er 0,5 til 1.0 sem þýðir að stærsti hluti ísl. skattsins situr eftir
- Ekki er unnt að ætlast til að kröfuhafinn sætti sig við það

Með 6. gr. laga nr. 70/2009 varð breyting á þessu,  
sbr. 8. tölul. 3. gr. TSL er hljóðar svo:

- ✓ Allir aðilar sem hafa **VAXTATEKJUR** hér á landi af banka innstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum **KRÖFUM** og fjármálagerningum, **SBR. 3. TÖLUL. C-LIÐAR 7. GR.**, skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum
- 1. Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vexti sem greiddir eru af Seðlabanka Íslands **í eigin** nafni né þá vexti sem greiðast erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum eða öðrum opinberum aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu í heimilisfestarríki sínu
- 2. ENN FREMUR → Á: Ákvæðið ... ekki við kveði tvísköttunar samningur sem Ísland hefur gert við erlent ríki á um að ekki skuli haldið eftir afdráttarskatti af vöxtum

# Hljóðan ákvæðisins í dag

- Allir aðilar sem hafa vaxtatekjur hér á landi af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða **öðrum kröfum** og **fjármála-  
gerningum**, sbr. 3. tölul. C-liðar 7. gr., skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum

- Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vexti sem greiddir eru af Seðl-banka Íslands [í eigin nafni]3) né þá vexti sem greiðast erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum eða öðrum opinberum aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu í heimilisfestarríki sínu
- Sama gildir um vexti vegna skuldabréfa sem eru gefin út í eigin nafni af fjármálafyrirtækjum skv. 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sem og af orkufyrirtækjum sem falla undir lög nr. 50/2005, um skattskyldu orkufyrirtækja. Skilyrði er að skuldabréfin séu skráð hjá verðbréfamiðstöð í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum og ekki sé um að ræða viðskipti sem falla undir ákvæði 13. gr. b – 13. gr. n laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál.]4)
- Ákvæðið á ekki heldur við kveði tvísköttunarsamningur sem Ísland hefur gert við erlent ríki á um að ekki skuli haldið eftir afdráttarskatti af vöxtum

# Nánnar, sjá

**REGLUGERÐ** nr. 630/2013 um tekju  
skatt og staðgreiðslu af vöxtum og  
söluhagnaði hlutabréfa þeirra aðila  
sem bera takmarkaða skattskyldu

# Hverjir eru skattskyldir?

- Sjá athugasemd við 6. gr. frumvarps til laga nr. 70/2009, en þar segir:
  - Ákvæðið á við um þá vexti **sem ÍSLENSKIR SKATTADILAR greiða erlendum aðilum**
- Með íslenskum aðilum er átt við menn og lögaðila, sbr. 1. og 2. gr. TSL svo og FS, sbr. 4. tölul. 3. gr. TSL
- Vextir, sem **erlendir** aðilar greiða **erlendum** aðilum af **íslenskum kröfum**, eru því undanþegnir skattskyldu. Á þetta reynir einkum þegar um afföll er að ræða, sbr. glæru 6.



# Dæmi

- Fyrst eftir hrunið voru lífleg viðskipti með kröfur á hendur bönkunum. Þessar kröfur hafa nú hækkað verulega í verði
- Selji erlendur aðili öðrum erlendum aðila slíka kröfu getur Ísland **ekki** skattlagt hagnaðinn af sölnunni
- Leiðir þetta af athugasemdum í frumvarpi við **6. gr. laga nr. 70/2009**

# Vextir

## hugtak og skilgreining

vaxtahugtakið í 8. tölul. 3. gr. TSL er rýmra

- Með vöxtum er átt við þóknun fyrir lán á peningum eða umlíðan skuldar og ákvarðast þeir fyrirfram sem ákveðinn hundraðshluti af höfuð stól lánsins/ skuldarinnar á hverjum tíma
- Dráttarvextir teljast því ekki vextir. Hið sama gildir um verðbætur svo ekki sé talað um ýmis konar þóknunir. Nánar, sjá 49. gr. TSL

## ... öðrum kröfum

- Um **KRÖFU** í þessu sambandi er að ræða þegar erlendur aðili á rétt á peningagreiðslu úr hendi innlands aðila
- **HVAÐ MEÐ SKULDIR? Teljast þær kröfur.** Erlendur aðili stendur í skuld við innlendan aðila. Skuldin nemur 100. Hinn erlendi aðili gerir upp skuldina með 90. **GETUR ÍSLAND SKATT LAGT HANN?**

# Vaxtatekjur skv. TSL

- Skilgreiningu á því hvað teljast vextir er að finna í 3. tölul. C-liðar 7. gr. sbr. 1. og 2. mgr. 8. gr. laganna
  - Sjá athugasemd við 6. gr. frumvarps til laga nr. 70/2009:  
<http://www.althingi.is/altext/137/s/0155.html>
- Undir hugtakið heyra því vextir, afföll og gengis munur af inneignum í bönkum, keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum **svo og hvers kyns aðrar tekjur af peninga legum eignum, sbr. 2. mgr. 8. gr. i.f. þar með talið fjármálagerningum, nema ... Ath. nú 3. mgr. 16. gr.TSL**

# Fjármálagerningar

Sjá lög nr.108/2007 um verðbéfaviðskipti

## 2. Fjármálagerningur:

- a. Verðbréf, þ.e. þau framseljanlegu verðbréf sem hægt er að eiga viðskipti með á fjár magnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjölum, svo sem:
  - i. hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélögum eða öðrum lögaðilum og heimildarskírteini fyrir hlut,
  - ii. skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa,
  - iii. önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja verðbréf eða leiða til uppgjors í reiðufé sem ræðst af verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum eða ávöxtunarkröfum, hrávörum eða öðrum vísitölum eða mælikvörðum.
- b. Peningamarkaðsskjöl, þ.e. þeir flokkar gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, svo sem ríkisvixlar, innlánsskírteini og viðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum
- c. Hlutdeildarskírteini
- d. Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir vaxtar-samningar og aðrar afleiður sem byggjast á verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum, ávöxtunarkröfu, öðrum afleiðum, fjárhagslegum vísitölum eða fjárhagslegum viðmiðum sem gera má upp efnislega eða með reiðufé
- e. Hrávöruafleiður
- f. Afleiður til yfirfærslu lánaáhættu
- g. Samningar um fjárhagslegan mismun
- h. Aðrar afleiður sem ekki falla undir d–g-lið en hafa sömu eiginleika og þær afleiður

# Sjá 3. mgr. 16. gr. TSL

## Skattlagðist áður sem vextir

- [Söluhagnaður af afleiðum ...1) telst ávallt til skattskyldra tekna á söluári.]2)
- Er því um eignahagnað að ræða sem þýðir að skipting skattlagningarréttarins fer eftir 5. mgr. 13. gr. OECD-fm

# Um framkvæmdina, sjá

- **REGLUGERÐ nr. 630/2013 um tekjuskatt og staðgreiðslu hans af vöxtum til aðila með takmarkaða skattskyldu. sbr. einkum 2. gr. er hljóðar svo:**
- Skattstofn aðila sem skattskyldir eru skv. 8. tölul. 3. gr. laga um tekjuskatt eru **greiddir og greiðslukræfir** vextir, **sbr. 1.-4. tölul. 1. mgr., 1.-3. tölul. og 5.-7. tölul. 2. mgr. 8. gr. laga um tekjuskatt**
- Til skattskyldra vaxta hjá móttakanda teljast áfallnir vextir af hvers kyns kröfum þ.m.t. skuldabréfum, **þegar slíkar kröfur ganga kaupum og sölum.** Kaupverð kröfunnar myndar svo nýtt stofnverð í hendi kaupanda

# 1. til 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. TSL

- Til tekna sem vextir, afföll og gengishagnaður skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. teljast:
  1. Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, á póstgíróreikningum og orlofsfjárreikningum svo og vextir af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum. Með vöxtum teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti, verðbætur á inneignir og kröfur sem bera ekki vexti og happdrættisvinningar sem greiddir eru í stað vaxta
  2. Vextir af stofnsjóðseign í félögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr.
  3. Vextir hjá innlendum og erlendum aðilum af sérhverjum öðrum innstæðum og inneignum en um getur í 1. og 2. tölul., þar með taldir vextir af víxlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem arð bera eða vexti. Með vöxtum teljast einnig áfallnar verðbætur og happdrættisvinningar á sama hátt og um getur í 1. tölul.
  4. Afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum. Afföllin skal reikna til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé krafan látin af hendi áður en afborgunartíma er lokið telst sá hluti affallanna, sem ekki hefur þegar verið tekjufærður en fæst endurgreiddur í sölu- og afhendingarverði, til tekna í einu lagi á afhendingar- eða söluári



# 1. til 3. tölul. 2. mgr. 8. gr. TSL

- Til tekna sem vextir, sbr. 1. mgr., af kröfum eða inneignum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast vextir sem greiddir eru eða eru greiðslukræfir og greiddar verðbætur á afborganir og vexti. **Til tekna í þessu sambandi telst enn fremur gengishækkun hlutdeildarskírteina, svo og hvers kyns gengishagnaður og afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum.** Ákvörðun tekna skal vera þannig:
  1. Vextir af reikningum í innlánsstofnunum skulu teljast til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar á reikningi. Þó skulu vextir af reikningum þar sem höfuðstóll og vextir eru bundnir til lengri tíma en 36 mánaða ekki teljast til tekna fyrr en þeir eru greiddir eða greiðslukræfir
  2. Vextir af kröfu skulu teljast til tekna þegar þeir eru **greiddir eða greiðslukræfir**
  3. Afföll, þ.e. mismunur á uppreiknuðu nafnverði kröfu á kaupdegi að frádregnu kaupverði hennar, skal færa til tekna í hlutfalli við afborganir nafnverðs þegar þær greiðast

## 5., 6. og 7. tölul. 2. mgr. 8. gr. TSL

5. Vextir, arður og önnur ávöxtun af lífeyristryggingum, söfnunartryggingum, einstaklinga hjá líftrygginga félögum skulu teljast til tekna þegar slíkar tekjur koma til greiðslu, nema að því leyti sem lífeyristryggingar, söfnunar tryggingar, verða skattlagðar sem tekjur samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara
6. Vextir, verðbætur og önnur ávöxtun af lífeyrissparnaði samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða teljast til tekna sem lífeyrir skv. A-lið 7. gr. þegar slíkar greiðslur eru greiddar út
7. Vextir af stofnsjóðseign í félögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar eða ráðstöfunar

# Undanþegið skattskyldu er því, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. TSL

- **Gengishagnaður** af hvers konar eignum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok - **hjá fyrirtækjum**
- **Innleystur gengishagnaður** af hvers konar innláns reikningum og kröfum í erlendri mynt á því ári sem innlausn á sér stað skal færður til tekna og miðast við mismun á kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris frá 1. janúar 2010 eða síðar og á úttektar - eða greiðsludegi – **hjá einstaklingum**

# TIL TEKNA SEM VEXTIR, TELJAST TEKJUR AF

- „sérhverjum öðrum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum“
- **Áður fyrr var litið á ágóða af afleiðuviðskiptum sem vaxtatekjur skv. þessu ákvæði**
- Nú ber hins vegar að gera tekjurnar upp sem hagnað, sjá 10. tölul. 3. gr. TSL

# Lotun vaxta skv. innlendum rétti

- **Einstaklingar.** Vextir teljast til tekna þegar þeir eru **greiddir eða greiðslukræfir/gjaldfallnir**
  - Sjá þó úrskurð yfirskattaneðndar nr. 586/2012
- Maður er semsé ekki skyldur að tekjufæra ógreidda vexti nema hann kjósi það sjálfur
- **Fyrirtækjum** ber hins vegar að tekjufæra vexti þegar þeir eru **áfallnir**. Í þeirra tilviki gildir því einu hvort þeir eru greiddir eða greiðslukræfir
  - Af reglugerðinni að dæma er því verið að undan þiggja þau skatti af áföllnum ógreiddum vöxtum frá síðustu afborgun vaxtagreiðslu til áramóta

# Skattlagning vaxta sem takmarkað skattskyldum aðilum hlotnast hér

- Tekjuskatt aðila sem um ræðir í **8. tölul. 3. gr.** skal reikna sem hér segir:
  - a) 12% af **tekjum** ef um mann er að ræða. Þó skal ekki reikna tekjuskatt af vaxtatekjum að 150.000 kr. á ári → Brúttóskattur
  - b) 12% af **tekjum** lögaðila → Brúttóskattur, var áður nettóskattur. Ath. lögmæti með tilliti til banns við mismun skv. tví og EES

# Afleiður

## Sjá nú 10. tölul. 3. gr. TSL

10. Allir aðilar sem hafa tekjur af **afleiðu samningum** hér á landi skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum
- Hvað er átt með afleiðusamningi? Afleiða eða afleiðusamningur (e. derivative) í viðskiptum er samningur eða fjármálagerningur þar sem undir liggjandi verðmæti þeirra fer eftir verðþróun annarrar eignar eða eigna. Nafnið vísar því til þess að verðmæti verðbréfsins er leitt af verðþróun annarra eigna

# Skattlagning afleiðna

## Sjá lög nr. 142/2013

- Við 70. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
- Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 10. tölul. 1. mgr. 3. gr. skal reikna sem hér segir:
  - a. 22% af tekjum ef um mann er að ræða
  - b. 20% af tekjum lögaðila



# Verklag

- Við skoðum fyrst skattlagningu útlendinga (takmarkað skattskylda aðila) sem hlotnast vextir í tekjur hér á landi
  - hverjir eru skattskyldir og af hvaða verðmætum ber þeim að greiða skatt
- Og svo skattlagningu innlendinga sem hlotnast vextir í tekjur erlendis þar með talið mildun skattlagningar þeirra

# Tvísköttunarsamningar

- Um skiptingu skattlagningarréttarins þegar innlendur aðili í ákveðnu ríki fær greidda vexti erlendis frá er fjallað í 11. gr. OECD fm
- Skv. ákvæðinu hefur HEIMILISFESTAR-RÍKI **kröfuhafans** forgangsrétt á að skattleggja. Keldulandið, heimilisfestarríki skuldarans, getur þó einnig skattlagt bjóði því svo við að horfa EN
  - Skattlagningarréttur þess má þó aldrei vera hærri en 10% af brúttóvöxtunum

# 11. gr. OECD fm

## Almennt

- Interest arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State
- Vexti, sem myndast í aðildarríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, **má skattleggja** í síðar-nefnda ríkinu

# Hámark

## Skattlagningarréttur keldulandsins

- **However, such interest may also be taxed** in the Contracting State in which it arises and according to the laws of that State, but if the beneficial owner of the interest is a resident of the other Contracting State, the tax so charged shall not exceed 10 per cent of the gross amount of the interest. The competent authorities of the Contracting States shall by mutual agreement settle the mode of application of this limitation
- **Slíka vexti má þó einnig skattleggja** í því aðildarríki þar sem þeir myndast og samkvæmt lögum þess ríkis, en sé raunveru legur rétthafi þeirra heimilisfastur í hinu aðildarríkinu, má hinn álagði skattur eigi vera hærri en 10 af hundraði af **vergi** fjár hæð greiddra vaxta. Bær yfirvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi ákveða þá aðferð sem nota ber við ákvörðun á þessu takmarki

# Skattlagningarréttur keldulands sætir hámarki

- Ef móttakandi vaxtanna er búsettur í heimilisfestarlandi samnings má kelduland samnings **ekki leggja hærri** skatt á vextina en 10% af brúttófjárhæð þeirra
- Þetta veldur tvískattlagningu. Ef kelduland nýtir sér skattlagningarréttinn verður heimilisfestarlandið því að milda skv. 2. mgr. A-lið 23. gr. eða 1. mgr. B-liðar 23. gr.- skattfrádráttur

# Vaxtahugtakið, er skilgreint í 3. mgr. 11. gr. OECD fm

Vextir af hvers konar **KRÖFUM** hvort sem þær eru veðtryggðar eða ekki og hvort sem þær veita rétt til hlutdeildar í ávinningi skuldara eða ekki, einkum og sér í lagi vextir af hvers konar ríkisskuldabréfum, verðbréfum og skuldaviðurkenningum þar með talið gengismunur og verðlaun sem tengd eru slíkum eignum

**DRÁTTARVEXTIR VEGNA SÍÐBÚINNAR GREIÐSLU  
TELJAST EKKI VEXTIR SKV. ÞESSARI GREIN.** Um  
skiptingu skattlagningarréttar vegna þeirra fer eftir 21.  
gr. Upprunalandið hefur því ekki rétt á að skattleggja  
þegar svo stendur á

# SKILGREININGIN

- Ákvæði 3. mgr. 11. gr. inniheldur **TÆMANDI** skilgreiningu á vaxtahugtakinu. Hún gengur því framur skilgreiningum á vaxtahugtakinu í samningsríkjunum, heimilisfestarlandi og eða keldulandi samnings
- Auk vaxta innifelur hún afföll og gengismun. Endurgreiði skuldari hærri fjárhæð en hann tók að láni er þannig litið á afföllin sem vexti skv. skilgreiningunni
- **Selji lánveitandi hins vegar kröfu á hærra verði en hún hljóðar á telst mismunurinn ekki vextir heldur HAGNAÐUR. Sjá 4. mgr. 13. gr.**
- Þá telst gengismunur, það er breyting á verðmæti gjaldmiðla vegna kröfu eða skuldar – vextir, eins og samkvæmt innlendum rétti

# VAXTATEKJUR,

## innlendur réttur, sbr. 8. gr. TSL

Sp

- Vextir má skilgreina sem þóknun fyrir lán á peningum eða umlíðan skuldar og miðast þeir við ákveðinn hundraðshluta (prósent) af skuldinni/láninu á hverjum tíma
- Til vaxta teljast einnig **skv. lögum** áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti, happdrættisvinningar sem greiddir eru í vaxta stað **svo og dráttarvextir – ENN FREMUR**
- **gengishækkun hlutdeildarskírteina, svo og hvers kyns gengishagnaður og afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum og HVERS KYNS AÐRAR TEKJUR AF PENINGALEGUM EIGNUM**



# Fjármálagerningar

- Tekjur af fjármálagerningum heyra ekki undir 11. gr. OECD-fm heldur 21. gr.
  - eða 5. mgr. 13. gr. eignahagnaður
- Tekjur af þeim ber því einungis að skattleggja í því ríki sem eigandinn á heima

# Vaxtagjöld,

innlendum réttur, sbr. 1. tölul. 49. gr. TSL

- Til gjalda sem vextir, afföll og gengistöp af skuldum, sbr. 1. tölul. 31. gr., teljast:
  1. Vextir af skuldum, föstum og lausum, þar með taldir dráttarvextir. Til vaxtagjalda má og telja lántökukostnað, árlegan eða tímabundinn fasta kostnað, þóknarir, stimpilgjöld og þing lýsingarkostnað af lánum
  2. Með vaxtagjöldum í þessu sambandi teljast og áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti

# Innlendur réttur, niðurstaða

- Hugtökin VAXTATEKJUR og VAXTAGJÖLD eru þannig **ekki** algerlega samhverf. Síðarnefnda hugtakið er t.d. aðeins rýmra. Undir það falla þannig:
  1. Lántökukostnaður
  2. Árlegur og tímabundinn fastakostnaður
  3. Þóknanir, vanskilagjald. Innheimtukostnaður
  4. Stimpilgjöld og þinglýsingakostnaður
- Þessar tekjur teljast ekki vextir skv. fyrirmyndinni heldur **aðrar tekjur**. Sjá 21. gr. Heimilisfestarland kröfuhafa hefur semsé einkarétt á að skattleggja þegar svo stendur á

# UPPRUNI VAXTA

- Ákvæði 11. gr. einskorðast við vexti sem upprunir eru í keldulandi samnings
- Kelduland samnings hefur enda aðeins heimild til að skattleggja vexti sem upprunir eru þar
- Vegna þessa hefur þótt nauðsynlegt að setja sérstakt ákvæði um uppruna vaxta. Skv. henni teljast vextir upprunir í því ríki þar sem **skuldarinn**, greiðandi vaxtanna, á heima

# Starfsstöðvarfyrirvari

- Frá reglunni er þó vikið ef skuldari hefur **fasta starfsstöð í samningsríki og SKULDIN TENGIST HENNI NÁIÐ**
- **Uppruninn telst þá vera í STARFS-STÖÐVARLANDINU – ekki heimilis-festarríki skuldarans**
- Um skiptingu skattlagningarréttarins þegar svo stendur á fer því skv. 7. gr., sbr. 5. gr. OECD fm

# 5. mgr. 11. gr. OECD fm

- Interest shall be **deemed to arise** in a Contracting State **WHEN THE PAYER IS A RESIDENT OF THAT STATE**
  - Where, however, the person paying the interest, whether he is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment in connection with which the indebtedness **ON WHICH THE INTEREST IS PAID WAS INCURRED**, and such interest **IS BORNE BY SUCH PERMANENT ESTABLISHMENT**, then such interest shall be deemed to arise in the State in which the permanent establishment is situated
- **Þegar greiðandi vaxta hefur heimilisfesti í aðildarríki skulu vextir taldir hafa myndast í því ríki**
  - Ef aðili, sem greiðir vextina, hvort sem hann hefur heimilisfesti í aðildarríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð í aðildarríki og skuldin, sem vextirnir eru greiddir af, **varð til í tengslum við hina föstu atvinnustöð**, og **vextirnir eru greiddir af hinni föstu atvinnustöð**, skulu slíkir vextir taldir hafa myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð er

# Uppruni vaxta, nánar

- Skv. þessu teljast vextir upprunir í keldulandi samnings ef þeir eru:
  - greiddir af keldulandinu sjálfu eða öðrum opinberum aðila í ríkinu eða
  - greiddir af aðila (skuldara) heimilisföstum í því ríki það er keldulandinu
- Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt, skuldari er t.d. búsettur í heimilisfestarríki samnings eða ónefndu 3ja ríki á 11. gr. ekki við

# Undantekning frá upprunareglunni

- Ef vextirnir tengjast atvinnurekstri sem skuldari rekur á fastri starfsstöð eða föstum stað teljast vextirnir upprunir í því landi sem starfsstöðin/ staðurinn er
- Í því sambandi gildir einu hvar skuldari er búsettur. Til að unnt sé að beita þessari reglu verður skuldin **pó raunverulega að tengjast rekstri föstu starfsstöðvarinnar**
- Í því felst bæði, að lánið sé nýtt af föstu starfsstöðinni og að hún gjaldfæri vextina við skattauppgjör hjá sér



# Samband HS og FS

- Í framkvæmd kemur oft fyrir að HS tekur lán og endurlánar það svo FS
- Hér telst FS hinn raunverulegi lántakandi. FS, ekki HS, ber því að skuldfæra lánið og draga vexti af því frá tekjum hjá sér

# Vextir og ekki vextir

## hagnaður af rekstri sagðir vextir

- Skattlagningarréttur keldulands skv. 11. gr. er takmarkaður við ákveðið hámark
- Mikilsvert er því að ekki sé unnt að rýra skattlagningarréttinn með því að kalla tekjur, sem ekki eru vextir í raunveruleikanum, vexti
- Verði aðilar uppvísir af slíkri **tekjuhliðrun** er heimilt að horfa fram hjá nafngiftinni og skipta tekjunum milli ríkjanna miðað við raunverulegt eðli þeirra
- Slík skipting er þó háð því að eðlisbreyting teknanna sé tilkomin vegna þessa sérstaka sambands skuldara og kröfuhafa. Í raun einskorðast hún því við skylda/tengda aðila

# Rekstrarstöðvarfyrirvari

Hvað þýðir hann í framkvæmd

- Sjá 4. mgr. 11. gr. OECD-fm. Ákvæði 1. og 2. mgr. 11. gr. um heimfærslu vaxta og takmörkun á skattlagningarrétti keldulands gilda ekki ef:
  - Lánþegi stundar atvinnurekstur á fastri starfsstöð í keldulandi samnings og lánið tilheyrir (raunverulega bundið) henni
- Þegar svo stendur á fer um skattlagninguna skv. 5. gr., sbr. 7. gr. OECD-fm

# SPURNINGAR

# Skattskil 3

Alþjóðlegur skattaréttur

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Höfundalaun (e. royalties)

Glærupakki 9d

# Verklag

- Við skoðum fyrst skattlagningu útlendinga sem afla tekna með leigu/sölu á lausafé hér á landi og svo
  - Nánar, sjá 6. tölul. 3. gr. TSL
- Skattlagningu innlendinga sem hlotnast leigutekjur af lausafé erlendis þar með talið afléttingu tvískattlagningar þeirra hér á landi
  - Nánar, sjá 1. gr., sbr. 7. gr. TSL og tví

**INNLENDUR RÉTTUR,  
sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003:**

- Allir aðilar sem hafa **HÉR Á LANDI** tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á **lausafé**, einkaleyfum, **HVERS KONAR RÉTTINDUM EÐA SÉRÞEKKINGU**, svo og af söluhagnaði **vegna slíkra eigna**, skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum
- Ákvæði þetta tekur þó ekki til tekna af leigu loftfara og skipa sem notuð eru til flutninga á alþjóðaleiðum → samkeppnisástæður

# Hverjir eru skattskyldir

- Allir aðilar eru skattskyldir. Skv. því tekur skattskyldan bæði til manna og lögaðila
- Þessir aðilar eru skyldir að greiða skatt af leigu/póknun, **SEM INNLENDIR AÐILAR**, það er menn, lögaðilar og fastar starfsstöðvar erlendra aðila, greiða þeim fyrir
  1. afnot af lausafé og rétti til hagnýtingar á lausafé → **efnisleg verðmæti**
  2. þar með talið af rétti til hagnýtingar á höfundarrétti, upplýsingum og sérþekkingu → **óefnisleg verðmæti**



# Af hvaða verðmætum ber að greiða skatt LEIGA OG HAGNAÐUR

- **EFNISLEG VERÐMÆTI EÐA LAUSAFÉ.**  
Hér til teljast hvers konar verðmæti sem ekki eru fasteignir, kröfur eða eignarhlutir í félögum
- **ÓEFNISLEG VERÐMÆTI EÐA HÖFUNDA-  
RÉTTUR.** Þannig bendir orðalagið „**HVERS  
KONAR RÉTTINDUM**“ til þess að skatt-  
skyldusviðið sé tiltölulega rúmt

# NÁNAR UM HÖFUNDARRÉTT

1. Útgáfuréttur (bækur, söng- og hljómlist)
2. Sýningarréttur (listaverk, kvikmyndir)
3. Flutningsréttur (leikrit, söng- og hljómlist)
4. Einkaleyfi að uppfinningum
5. Vörumerki
6. Hönnun
7. Sérleyfi
8. Sérþekking (e. know how)

# Skattlagning höfundarréttar

## hjá ótakmarkað skattskyldum aðilum

- Fyrirtæki borga skatt eftir rekstrarformi sínu
  - Skattur hf./ehf. er því 20%, sf./slf. 37,6% o. s. frv.
- Einstaklingar greiða hins vegar eftir atvikum 36,94% eða 46,24% skatt, sbr. 4. tölul. A-liðar 7. gr. TSL og 1. mgr. 66. gr. TSL
  - Endurgjald til höfunda og rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu → **LAUN OG SKYLDAR TEKJUR**
- **Tekjur sem falla undir skv. 6. tölul. 3. gr. TSL bera hins vegar 22% skatt**

Lög nr. 1115/2019 um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum).

Við 3. mgr. 66. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. A-liðar 7. gr. skulu greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem rétthafa vegna síðari afnota eftir að verk skv. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt birt eða gefið út, sbr. 2. og 3. gr. sömu laga, **teljast til fjármagnstekna án nokkurs frádráttar**

## 6. tölul. 70. gr. TSL

### fjármagnstekjur

- Tekjuskattur aðila sem um ræðir í 6. tölul. 3. gr. skal vera 22% af tekjum
- Skv. þessu er gert ráð fyrir að allir, það er bæði menn og lögaðilar greiði 22% skatt af brúttótekjum
- Menn eiga ekki rétt á persónuafslætti. Þá geta þeir **ekki** heldur undanþegið 50% af leigutekjum um skatti. Enda takmarkast sú heimild við leigu á íbúðarhúsnæði

Bæði reglulegar tekjur og hagnaður sætir skatti, sbr.

- „OG AF SÖLUHAGNAÐI VEGNA **SLÍKRA EIGNA**“. Hvað þýðir þetta orðalag?

- Getur verið að einungis sé unnt að skattleggja hagnað af sölu eigna að þær hafi verið **NOTAÐAR** hér, það er leigðar hingað til lands
- Teljist svo vera þrengist skattskyldusviðið jú töluvert

# Verklag

- Við skoðum fyrst skattlagningu útlendinga sem afla tekna af leigu/sölu á lausafé hér á landi og svo
  - Nánar, sjá 6. tölul. 3. gr. TSL
- Skattlagningu innlendinga sem hlotnast leigutekjur af lausafé erlendis þar með talið afléttingu tvískattlagningar þeirra hér á landi
  - Nánar, sjá 1. gr., sbr. 7. gr. TSL og tví

# Skipting skattlagningarréttarins

## Tekjur af leigu á lausafé

- Um skiptingu skattlagningarréttarins vegna reglulegra tekna af fasteignum eru ákvæði í 6. gr. OECD fm
- Ekkert sambærilegt ákvæði er hins vegar til um skiptingu skatt lagningarréttarins þegar lausafé (efnisleg verðmæti) á í hlut
- Skipting skattlagningarréttarins vegna slíkra tekna fer því eftir **21. gr.** OECD fm
  - Ath. lausafé (varanlegir rekstrarfjármunir) sem tilheyra FS
- Þetta gildir þó ekki um óefnislegar eignir það er höfundarrétt. Nánar, sjá 12. gr. OECD fm



# OECD-fm

## Nánar um 12. gr. fyrirmyndarinnar

- Í 12. gr. er fjallað um skiptingu skattlagningarréttarins þegar **höfundarréttur** á í hlut. Greinin tekur því ekki til lausafjár almennt eins og 6. tölul. 3. gr. TSL
- Skv. greininni **má einungis** skattleggja höfundalaun í heimilisfestarríki samnings. Kelduland samnings á því ekki rétt á að skattleggja eins og þegar um arð og vexti er að ræða
- Algengt er þó að vikið sé frá þessari reglu í þeim tvísköttunarsamningum sem Ísland hefur gert. Skv. tvísköttunarsamningnum við Spán má Ísland t. d. leggja 5% brúttóskatt á höfundalaun/póknanir

## 12. gr. OECE-fm

- Royalties arising in a Contracting State and beneficially owned by a resident of the other Contracting State shall be taxable only in that other State
- Höfundalaun sem myndast í aðildarríki og tilheyra **algerlega** aðila með heimilisfesti í hinu aðildarríkinu má einungis skattleggja í síðarnefnda ríkinu

# Hugtakið höfundalaun

## Þóknanir = slæmt orð

Hugtakið „þóknanir” merkir í þessari grein hvers konar greiðslur, sem tekið er við (veitt viðtöku) **sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti á verkum á sviði bókmennta, lista eða vísinda þar með töldum kvikmyndum, hvers konar einkaleyfi, vörumerki, mynstri eða líkani, áætlun, leynilegri formúlu eða framleiðsluaðferð, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda – óefnisleg réttindi**

# Nánar um hugtakið höfundalaun

- 12. gr. OECD-fm tekur umfram allt til greiðslna fyrir afnot (leigu) á höfundarrétti. Tekjur vegna sölu á höfundarrétti lúta því öðrum reglum
- Skv. eldri gerðum fyrirmyndarinnar töldust greiðslur „**fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaði**“ - [efnisleg réttindi](#) einnig höfundalaun. Svo er ekki nú
- Slíkar tekjur eru enda í raun atvinnurekstrartekjur og var orðalagið gagngert felld brott í þeim tilgangi að tryggja að greiðslurnar lytu sömu reglum um skiptingu og atvinnurekstrartekjur
- Ákvæði 12. gr. margra þeirra tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert innihalda þó enn þá þessar tekjur

# Um tekjurnar nánar

- Ákvæði 12. gr. OECD-fm gerir ekki kröfu um að hin óefnislegu réttindi séu tryggð með einkaleyfi eða þess háttar
- Undir ákvæðið falla ekki heldur aðeins umsamdar greiðslur vegna afnota á höfundarrétti heldur **einnig bætur** vegna óréttmætrar notkunar höfundarréttar eða brota á höfundalögum

# Afmörkunarvandamál

- Afmörkun höfundalauna (12. gr.) gagnvart atvinnu rekstrartekjum (7. gr. eða 14. gr.) getur skapað vandamál
- Í athugasemdum fyrirmyndarinnar er sérstaklega rætt um mörkin á milli greiðslna fyrir upplýsingar um **reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda og greiðslna fyrir sérfræðilega ráðgjöf**
- Skattlagningarréttur vegna endurskoðanda-, lögmanns-, arkitektapóknana o. fl. skiptist þó ekki skv. 7. gr. heldur 14. gr.
- Þóknanir fyrir hugbúnað í tölvur geta líka orsakað vandamál. Er verið að kaupa **eign** eða **afnotarétt** af hugbúnaði það er vísindapekkingu er semsé spurning

# Blandaðir samningar

- Í einstaka tilvikum getur greiðsla jafnvel verið blönduð. Söngvari kemur t.d. fram á hljómleikum sem er útvarpað. Fyrir þetta fær hann þóknun og skiptist skattlagningarréttur vegna hennar skv. 17. gr., ➔ listamannaákvæðið
- Ef hljómleikarnir eru teknir upp og gefnir út á hljómplötu verður að skipta tekjunum á milli 12. gr. (útgáfuréttur) og 17. gr. (framkoma á hljómleikum, concert entertainment)

# Of háar þóknanir, hagsmunatengsl → Okurgreiðslur

- Ákvæði 4. mgr. 12. gr. (höfundalaun) hefur að geyma hliðstætt ákvæði og 6. mgr. 11. gr. (vextir), → fyrirvari gegn of háum vaxtagreiðslum
- Ef greiðslur þær, sem aðilar semja um, eru hærri en sambærilegar greiðslur, þegar óskyldir/ótengdir aðilar eiga í hlut, skal 12. gr. einungis taka til þess hluta greiðslnanna sem óskyldir/ótengdir aðilar hefðu samið um undir hliðstæðum kringum stæðum (armslengdarverð)



# FS-fyrirvari

- Skv. 12. gr. er kelduland samnings almennt útilokað frá að skattleggja
- Þetta gildir þó ekki ef höfundarétturinn tilheyrir fastri starfsstöð í aðildarríki samnings
- Tilheyri höfundarétturinn FS getur kelduland samnings skattlagt að fullu án nokkurra takmarkana

# SALA HÖFUNDARÉTTAR

- Ákvæði 12. gr. OECD-fm tekur eingöngu til tekna vegna afnota (leigu) af höfundarétti
- Ef eignin, sem gefur af sér þóknunina, er seld skiptist skattlagningarrétturinn skv. 4. mgr. 13. gr.
- Heimilisfstarlandið hefur því forgangsrétt á að skattleggja þegar svo stendur á nema höfundarétturinn tilheyri fastri starfsstöð, sbr. 2. mgr. 13. gr. fyrirmýndarinnar

# SPURNINGAR

# Skattskil 3

## Alþjóðlegur skattaréttur

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Hagnaður af sölu eigna

Aðrar tekjur

Glærupakki 9e

# Verklag

- Skattlagning útlendinga sem hlotnast hagnaður af sölu eigna hér á landi
  - Hvað má skattleggja og hvernig
- Skattlagning innlendinga sem hlotnast hagnaður af sölu eigna erlendis
  - Hvað má skattleggja og hvernig ber að aflétta tvískattlagningunni ef um hana er að ræða

# INNLENDUR RÉTTUR

- Í 3. gr. TSL er að finna ákvæði sem veita Íslandi heimild til að skattleggja hagnað af sölu eigna
- Hér til teljast:
  - ✓ 5. tölul. 3. gr.: hagnaður af sölu fasteigna
  - ✓ 6. tölul. 3. gr.: hagnaður af sölu lausafjár
  - ✓ 7. tölul. 3. gr.: hagnaður af sölu eignarhluta í íslenskum félögum

# Uppgjör hagnaðar o. fl.

- Ákvæði 3. gr. mælir eingöngu fyrir um skattlagninguna. Í henni segir því ekkert um uppgjör hagnaðarins, fyrirkomulag skattlagningarinnar o. fl. Um þau atriði verður maður því að leita fræðslu í 12-27. gr. TSL
- Þannig er sala erlendis búsetts manns á íbúðarhús næði, sem verið hefur í eigu hans í full tvö ár, sbr. 17. gr. TSL undanþegið frá skatti
- Sama gildir um hagnað af sölu á **LAUSAFÉ** (efnis legum eignum), sbr. 2. mgr. 16. gr. TSL

# Föst starfsstöð

- Í 3. gr. er sérákvæðunum (5., 6. og 7. tölul.) um hagnað ekki veittur neinn sérstakur forgangur gagnvart fastri starfsstöð, það er 4. tölul.
- Eignir (fasteignir, lausafé og eignarhlutir) sem tilheyra **FASTRI STARFSSTÖÐ** skattleggjast því skv. 4. tölul.
- Vegna þessa getur þurft að athuga samspil 4. tölul. 3. gr. TSL og 7. gr., sbr. 5. gr. OECD-fm. Skv. henni hefur ákvæði 6. gr. nefnilega forgang. Þetta gildir þó eingöngu um fasteignir



# Skattlagning, sjá 70. gr. TSL, sbr. e, f og g-lið 16. gr. laga nr. 128/2009

- Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 5. tölul. 3. (**fasteignir**) gr. skal reikna sem hér segir:
  - a) 22% **af tekjum** ef um menn er að ræða. Þó skal ekki leggja tekjuskatt á 50% af leigutekjum manns af íbúðarhúsnæði
  - b) 20% **af tekjuskattsstofni**, sbr. 2. tölul. 61. gr., ef um lögaðila er að ræða
- Tekjuskattur aðila sem um ræðir í 6. tölul. (lausafé) 3. gr. skal vera 22% **af tekjum**
- Tekjuskatt aðila sem um ræðir í 7. tölul. (eignarhlutir í ísl. félögum) 3. gr. skal reikna sem hér segir:
  - a) 22% **af tekjum** ef um mann er að ræða
  - b) 20% **af tekjum** ef um lögaðila er að ræða

# Af tekjum og tekjuskattsstofni

- Hugtakið tekjur getur bæði haft brúttó- og nettómerkingu
- Þótt í umræddum ákvæðum standi **tekjum** merkir það söluverð mínus kaupverð þegar um hagnað er að ræða.  
**HUGTAKIÐ HEFUR SEMSÉ NETTÓ-MERKINGU**
- Um merkingu hugtaksins tekjuskattsstofn vísast hins vegar til 61. gr. TSL

# Verklag

- Skattlagning útlendinga sem hlotnast hagnaður af sölu eigna hér á landi
  - Hvað má skattleggja og hvernig
- Skattlagning innlendinga sem hlotnast hagnaður af sölu eigna erlendis
  - Hvað má skattleggja og hvernig ber að aflétta tvískattlagningunni ef um hana er að ræða

# OECD-fm, almennt

- Skv. fyrirmyndinni er skattlagningu hagn aðar skipt á sama hátt og skattlagningu reglulegra tekna af eignum

## **ÞETTA ER MEGINREGLAN**

- 1. mgr. 13. gr. segir þannig að kelduland samnings megi skattleggja hagnað af sölu fasteigna sem er í samræmi við skiptingu hinna reglulegu tekna skv. 1. mgr. 6. gr.

# 1. mgr. 13. gr. OECD fm

- Gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of immovable property referred to in Article 6 and situated in the other Contracting State may be taxed in that other State
- Hagnað, er aðili heimilisfastur í aðildarríki, hlýtur af sölu fasteignar sem getið er í 6. gr. og sem staðsett er í hinu aðildarríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu

# OECD-fm, föst starfsstöð o. fl.

- Skv. 2. mgr. 13. gr. má kelduland samnings skattleggja hagnað af sölu eigna sem tilheyra fastri starfsstöð (7. gr.) eða föstum stað (14. gr.), sem er í samræmi við skattlagningu hinna reglulegu tekna skv. 7. gr. eða eftir atvikum 14. gr.
  - Þetta gildir þó fyrst og fremst um lausafjármunina
- Loks skal einungis skattleggja skip og loftför sem notuð eru í alþjóðlegum flutningum þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hefur aðsetur, sbr. 3. mgr., sem er í samræmi við skiptinguna í 8. gr.

## 2. mgr. 13. gr. OECD fm

lausafé fastrar starfsstöðvar

- Gains from the alienation of **movable property** forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State, including such gains from the alienation of such a permanent establishment (alone or with the whole enterprise), may be taxed in that other State
- Hagnað, sem hlýst af sölu **lausafjár**, er teljast hluti af atvinnurekstrareignum fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu, þar með talinn hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnu stöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) má skattleggja í síðarnefnda ríkinu

# 3. mgr. 13. gr. OECD fm

eignir skipa- og flugfélaga

- Gains from the alienation of ships or aircraft operated in international traffic, boats engaged in inland waterways transport or movable property pertaining to the operation of such ships, aircraft or boats, **shall be taxable only in the Contracting State in which the place of effective management of the enterprise is situated**
- Hagnað af sölu skipa eða loftfara sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum, báta sem notaðir eru til siglinga á innlendum skipaskurðum eða lausafjár sem tengt er notkun slíka skipa, loftfara eða báta, **skal einungis skattleggja í því aðildarríki sem fyrirtækið hefur aðsetur sitt**



# Aðrar eignir

- Skipting skattlagningarréttar vegna annarra eigna en fjallað er um í 1.-3. mgr. fer eftir 4. mgr. 13. gr.
  - Ákvæðið tekur til hagnaðar af sölu hlutabréfa, lausafjár, höfundaréttar og ákveðinna krafna (afföll = hagnaður)
- Skv. 4. mgr. 13. gr. má **einungis** skattleggja hagnað af sölu umræddra eigna í heimilisfestarríki skattaðila
- Kelduland samnings (heimilisfestarland félagsins, sem selt er í) ber því að veita undanþágu frá skatti þegar svo stendur á
- Skipting skattlagningarréttar vegna þessara eigna felur því í sér frávik frá meginreglunni um að samkvæmni sé milli skiptingar skattlagningarréttar vegna reglulegra tekna og hagnaðar

## 4. mgr. 13. gr. OECD fm hlutabréf o. fl.

- Gains from the alienation of any property **other than that referred to in paragraphs 1, 2 and 3**, shall be taxable only in the Contracting State of which the alienator is a resident
- Hagnað af **sölu annarra eigna en getið er í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar**, skal **einungis** skattleggja í því aðildarríki er seljandinn telst heimilisfastur

# INNLAUSNARSJÓNARMÍÐ

- 13. gr. fyrirmyndarinnar hefur **ekki** að geyma ákvæði um það við hvaða aðstæður hagnaður myndast
- Hugtakið **sala** er þannig ekki skilgreint í fyrirmyndinni. Sama gildir um tímafærslu (lotun) söluhagnaðar, það er á hvaða ári hagnaður telst til tekna
- Þessi atriði fara því alfarið eftir innlendum rétti í heimilisfestarlandi og keldulandi samnings. Sjá 12. – 27. gr. TSL þegar Ísland á í hlut

# HUGTAKIÐ SALA

## Sala merkir

- Yfirfærsla á eignarrétti gegn greiðslu er samsvarar markaðsverði eignar á hlutaðeigandi stað og tíma
- Sé ekkert gagngjald innt af hendi við aðilaskiptin telst yfirfærslan því ekki sala heldur gjöf/arfur
- Á Íslandi telst altjón og eignarnám sala. Svo þarf hins vegar ekki að vera í því landi sem eign er staðsett í. Yfirfærsla eigna við slit á hjúskap o. s. frv. telst ekki heldur sala hér á land. Gildir það í hinu ríkinu er spurning
- Framlag eigna við stofnun atvinnurekstrar er svo ýmist meðhöndluð sem sala eða ekki sala. Þegar svo stendur á verður því að fara varlega

# Hvenær eign telst seld?

## tímafærsla sölu

- Hér á landi er gengið út frá árinu sem kaup samningur er undirritaður. Svo þarf ekki að vera í hinu ríkinu
  - Hugsanlegt er að það gangi útfrá afhendingu eða jafnvel greiðslu söluverðsins
- Nokkur ríki líta sömuleiðis á flutning af landi brott sem sölu þegar ákveðnar eignir eiga í hlut → EXIT TAX
- Skv. þeirri reglu jafngildir flutningur af landi brott því sölu í skattalegu tilliti. Slík regla hefur ekki verið sett hér á landi

# Uppgjör hagnaðar

- Fyrirmyndin geymir heldur ekkert ákvæði um uppgjör hagnaðar. Um það atriði fer því einnig eftir innlendum rétti
- Skv. því telst hagnaður mismunur á söluverði og upphaflegu kaupverði/bókfærðu verði eins og skv. innlendum rétti þar með að teknu tilliti til verðbreytingarfærslu eftir því sem við á
- Þegar um fyrnanlegar eignir er að ræða er hluti af hagnaðinum venjulega endurfengnar fyrningar – frádregin gjöld

# Endurfengnar fyrningar

- Sum lönd skattleggja endurfengnar fyrningar öðru vísi en raunverulegan hagnað, það er verðhækkun eignar
  - Gildir þetta einkum ef fjármagnstekjur eru skattlagðar léttar en venjulegar atvinnurekstrartekjur og helgast af því að frádrátturinn hefur verið notaður til að lækka tekjuskattsstofn hlutaðeigandi
- Slík aðgreining tíðkast ekki hér á landi, hvorki við uppgjör hagnaðar skv. 3. gr., það er þegar Ísland er kelduland samnings eða 1. gr., það er þegar Ísland er heimilisfestarland samnings

# GENGISUMREIKNINGUR

- OECD-fm hefur ekki að geyma ákvæði eða reglur um fyrirkomulag á umreikningi eins gjaldmiðils í annan
- Umreikningurinn hlýtur því að fara eftir innlendum rétti. Skv. honum ber að umreikna **kaupverð** miðað við **sölugengi** á **kaupdegi** og söluverð miðað við **kaupgengi** á **söludegi**



# Aðrar tekjur, sbr. 21. gr. OECD fm

- Í fyrirmynd OECD að tvísköttunarsamningi er fjallað um skiptingu skattlagningarréttar vegna ákveðinna tekna
  - Hér til teljast tekjur af fasteignum ...
- Um fjöldan allan af tekjum vantar því sérstök skiptingarákvæði. Sem dæmi má nefna gjafir, skaðabætur, váttryggingafé, styrki o. fl.
- Skipting skattlagningarréttar vegna slíkra tekna fer eftir 21. gr. OECD fm - afgangsrákvæði

## 21. gr. OECD fm

- Items of income of a resident of a Contracting State, wherever arising, **not dealt with in the foregoing Articles of this Convention** shall be taxable only in that State
- Tekjur, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki aflar **og ekki er fjallað um í UNDANFARANDI ákvæðum þessa samnings**, skal einungis skattleggja í því ríki

# Skipting skattlagningarréttar

- Samkvæmt 21. gr. hefur heimilisfestar ríki forgangsrétt á að skattleggja tekjur sem ekki er fjallað sérstaklega um í greinum 6-20.
- Slíkar tekjur má semsé einungis skattleggja í því samningsríki þar sem aðili á heima
- Að vissu leyti endurspeglar þetta háttarlag grundvallarreglu allra tvísköttunarsamninga um forgangsrétt heimilisfestarríkis til að skattleggja

# Hvað tekjur eru þetta?

- Fyrst og fremst eru þetta Tekjur frá öðru ríki en keldulandi samnings
- Þá tekjur frá samningsríkjunum sem ekki er fjallað um í öðru samningsákvæði svo sem
  - Gjafir, hvers konar tryggingabætur og styrkir.  
Undantekning er þó norræni tvísköttunarsamni
- Loks má nefna
  - Vátryggingafé og skaðabætur
  - Meðlög, framfærslueyrir með fyrrverandi maka
  - Leigu eftir lausafé
  - Séreignarsparnað. Ath.
  - Tekjur af hvers konar afleiðusamningum

# SPURNINGAR